

Lögmannaþlaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

1. TBL. 27. ÁRG. 2021



VÍSITALA
MÁLVARNARLAUNA

15-16

SÁTTAMIÐLUN – VANNÝTT
VERKFÆRI LÖGMANNA?

22-24

VITNASKYLDA
VERJENDA

26-27



- | | | |
|---|---|---|
| <p>4 BERGLIND SVAVARSDÓTTIR
Áskoranir</p> <p>6 ARI KARLSSON
Lögmannablað í 25 ár</p> <p>8 INGIMAR INGASON
Fjöldi og samsetning
félagsmanna Lögmannafélags
Íslands</p> <p>12 Félagsfundur um reglur og
verklag við ákvörðun þóknunar
fyrir verjenda- og réttargæslustörf
lögmannna</p> | <p>15 INGIMAR INGASON
Vísitala málsvarnarlauna</p> <p>18 EYRÚN INGADÓTTIR
Lög-ræðismálin og lögmenn</p> <p>22 INGI POULSEN
Sáttamiðlun – vannýtt verkfæri
lögmannna?</p> <p>25 Áskorun til dómismálaráðherra:
Hröðum áformum um rafrænt
réttarfar</p> | <p>26 ARNAR VILHJÁLMMUR ARNARSSON
Vitnaskylda verjenda</p> <p>29 EYRÚN INGADÓTTIR
Sögur af Sigurði Ólasyni hrl.</p> |
|---|---|---|

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Netfang: lmfí@lmfí.is
Heimasíða: www.lmfí.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Ari Karlsson lögmaður
Netfang: ari@lmbmandat.is

Aðstoðarritstjóri
Eyrún Ingadóttir

Ritnefnd
Arnar Vilhjálmur Arnarsson lögmaður
Hildur Þórarinsdóttir lögmaður
Ingi Poulsen lögmaður
Unnur Lilja Hermannsdóttir lögmaður

Stjórn LMFÍ
Berglind Svavarsdóttir lögmaður, formaður
Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður, varaformaður
Viðar Lúðvíksson lögmaður, gjaldkeri
Kristín Edwald lögmaður, ritari
Birna Hlín Káradóttir lögmaður, meðstjórnandi

Varastjórn LMFÍ
Eva Halldórsdóttir lögmaður
Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður
Tómas Eiríksson lögmaður

Starfsmenn LMFÍ
Ingimar Ingason framkvæmdastjóri
Eyrún Ingadóttir skrifstofustjóri
Anna Lilja Hallgrímsdóttir lögfræðingur
Dóra Berglind Torfadóttir bókarari og ritari

Forsíðumynd
Eldgosið í Geldingadölum í Fagradalsfjalli
lokka landann til sín þessa dagana enda
upplifun engu lík. Ljósmynd: Ingimar Ingason.

PRENTVINNSLA
Litlaprent ehf

UMSJÓN AUGGLÝSINGA
Óflun ehf.
Sími: 530 0800
ISSN 1670-2689

Hvað verður um gögnin þín?



Hvað gerir þú við skjöl sem þarf að eyða af því að þeirra er ekki lengur þörf en geyma viðkvæmar upplýsingar. Gagnaeyðing býður læst gagnaílát af ýmsum stærðum. Þegar losa þarf ílátið þá komum við með annað tómt og skiptum. Einnig er hægt að afhenda gögn í möppum og klemmum, í kössum og pokum. Aðeins þarf að tryggja að umbúðir séu traustar og vel lokaðar.

Gagnaeyðing eyðir öllum gögnum samkvæmt alþjóðlega viðurkenndu og vottuðu ferli, allt frá móttöku til eyðingar. Eyðingin sjálf gerist með tætingu og fer kurlið til endurvinnslu hjá viðurkenndum vinnsluaðila.

Hafðu samband!

Opið mánudaga - fimmtudaga 8:30 -17:00 og til 16:00 á föstudögum.

Örugg eyðing gagna



GAGNAEYÐING

ÁSKORANIR

BERGLIND SVAVARSDÓTTIR LÖGMAÐUR
FORMAÐUR



Byltingarkenndar breytingar á sviði nýsköpunar og tækni hafa átt sér stað í samfélaginu með tilkomu tækninýjunga á borð við gervigreind, háþróuð vélmenni, dróna, skýjalausnir og sýndarveruleika. Öll þjónusta er orðin meira og minna rafræn og rótgrónar stofnanir eins og bankar og tryggingafélög eru að breytast í tæknifyrirtæki með aukinni sjálfvirknivæðingu og róbótatækni. Þá er fyrirsjáanlegt að kubbakeðjutækni (oftar notað bálkakeðjur) verði notuð í æ ríkari mæli í þjónustu og viðskiptum, en með þeirri tækni er mögulegt að bjóða upp á rafræna og örugga sönnun á færslum í rauntíma. Það er því nauðsynlegt fyrir lögmenn og aðra þá sem starfa innan réttarkerfisins að tileinka sér nýja þekkingu og skilning þannig að unnt sé að nýta þau tækifæri og þá möguleika sem tæknin hefur í för með sér. Það verklag sem í dag viðgengst innan dómstólanna og í innbyrðis samskiptum lögmanna og dómstóla bendir hins vegar ekki til að fjórða iðnbýltingin hafi náð inn í réttarkerfið.

Lögmannafélagið hefur staðið fyrir öflugum námskeiðum undanfarin misseri og þannig komið til móts við kröfur lögmanna um aukna þekkingu og nýtingu á tæknilausnum, aukinheldur sem áhrif Covid-19 faraldursins hafa leitt til viðhorfsbreytinga og aukinnar tækniþekkingar lögmanna. Í mínum fyrsta formannspistli í júní 2018 reifaði ég þau sjónarmið að með tilkomu hins nýja millidómstígs væri kjörið tækifæri til að framkvæma nauðsynlegar breytingar á verklagi dómstólanna með aukinni tæknivæðingu á starfsemi þeirra sem og í samskiptum við hagaðila. Því miður hefur ekki mikið gerst í þeim efnun síðan sá pistill var ritaður og það þrátt fyrir viðhorfsbreytingar, fjarvinnu og tæknilausnir í kjölfar Covid-19.

Vissulega hefur einhver rafræn þróun átt sér stað á verklagi og starfsemi dómstóla og á vegum dómsmálaráðuneytis hefur töluverð vinna verið lögð í þróun rafrænna samskipta á sviði sakamála í réttarvörslukerfinu, en betur má ef duga skal. Við erum langt á eftir nágrannaþjóðum okkar hvað varðar tæknivæðingu dómskerfisins. Það er því orðið afar brýnt að laga dóms- og réttarvörslukerfið að þörfum rafræns nútímasamfélags og koma á rafrænum samskiptum milli dómstólanna, stofnana, lögmanna og annarra sem til dómstólanna þurfa að leita.

Verkefnið er kostnaðarsamt, tímafrekt og viðamikilið en ávinningurinn af því að koma á rafrænu réttarfari í bæði einkamálum og sakamálum er hins vegar mikill. Þá verður að hafa í huga að með auknum rafrænum samskiptum og aukinni rafrænni starfsemi minnkar tilkostnaður dómskerfisins alls sem og borgaranna, auk þess sem þjónustustigið eykst.

Lögmannafélag Íslands, Lögfræðingafélag Íslands, Dómarafélag Íslands og Ákærendafélag Íslands hafa ásamt Dómstólasýslunni tekið höndum saman og boðið fram sameiginlega krafta sína til að unnt verði að setja aukinn slagkraft í að koma á rafrænum samskiptum og rafrænu réttarfari í bæði einkamálum og sakamálum. Vonandi gengur það eftir sem fyrst.



1 SYSTEMS OneRecords Mála- og skjalakerfi

ÖFLUGT mála- og skjalakerfi sem hentar vel fyrir LÖGMANNSSTOFUR

- » Heldur öfluga málaskrá - gott yfirlit.
- » Málaskrá, 'Mín mál' og tímamörk mála.
- » Mitt One: Síðustu skjöl sem ég hef lesið, breytt eða skráð.
- » 10 síðustu vistunarstaðir (mál) þar sem ég hef vistað skjöl.
- » Öflug leitarvél. - Leitar í innihaldi skjala, og viðhengjum.
- » Vista Outlook tölvupósta inn á mál.
- » Öflug samhæfing við Microsoft Office, Word, Excel og Outlook.
- » Hægt að flytja inn mörg skjöl í einni aðgerð inn á mál.
- » Hægt að flytja öll skjöl úr einni möppu inn á mál með einni aðgerð.



Meðal viðskiptamanna:

Logos lögmenn, Patice lögmenn,
Draupnir lögmenn, Jónatansson
lögmenn



1 SYSTEMS OneDrag & Drop Draga og sleppa

Draga tölvupóst yfir í
málakerfið á rétt mál með
einni aðgerð.
Draga skjöl á sameiginlega
drifinu yfir í málakerfið
með einni aðgerð.



OneHýsing: ISO vottað umhverfi.
Dagleg afritunartaka gagna.



Hægt að fá iPad lesaðgang.
(spjalddölvulesaðgangur að kerfinu)

One býður hagkvæmar lausnir
með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.

LÖGMANNABLAÐ Í 25 ÁR

ARI KARLSSON LÖGMAÐUR
RITSTJÓRI



Með nýju tölublaði Lögmanna-
blaðsins hafa orðið breytingar
á ritstjórn blaðsins og nýr ritstjóri og ritnefnd hefur tekið
við. Við þau tímamót eru fráfaramandi ritstjóra Daníel Isebarn
Ágústssyni og ritnefndinni sem skipuð var lögmönnunum
Ágústi Karli Karlssyni, Guðrúnu Olsen, Katrínu Smára
Ólafsdóttur og Örnunni Pálsdóttur færðar góðar þakkir fyrir
störf þeirra í þágu blaðsins.

Nýja ritnefnd blaðsins skipa lögmennirnir Arnar Vilhjálmur
Arnarsson, Hildur Þórarinsdóttir, Ingi Poulsen og Unnur
Lilja Hermannsdóttir. Þá er rétt að geta þess að Eyrún
Ingadóttir tekur frá og með þessu tölublaði við starfi
aðstoðarritstjóra en að öðrum ólöstuðum hefur hún lagt
drýgstan skerf í sögu blaðsins til útgáfunnar og þá ekki síst
með því að halda fyrri ritstjórum og ritnefndum við efnið.

Lögmanna-
blaðið fagnaði 25 ára afmæli á síðasta ári
og á afmælisári varð sú breyting að útgáfa þess er nú
að meginstefnu til rafræn enda það frekar í takt við
umhverfisvitund nútímans og að draga úr kolefnisspori
starfseminnar. Í 1. tölublaði Lögmanna-
blaðsins árið 1995 kom fram í máli fyrsta ritstjórans, Marteins Mássonar, að
blaðinu væri ætlað að vera vettvangur stjórnar félagsins
og lögmanna til þess að fjalla um störf lögmanna, réttindi
þeirra og skyldur, svo og hlutverk og störf stjórnarinnar
og nefnda félagsins. Þá var ætlunin að hafa ýmis konar
reglulega þætti í blaðinu svo sem leiðara, punkta úr gömlum
gerðarbókum og fréttir af erlendum vettvangi. Og sem
dæmi um tímanna tákn var baksíða þessa fyrsta tölublaðs
lögð undir auglýsingu um Laser-
faxtæki frá Mita sem sagt
var hafa óþrjótandi möguleika umfram hefðbundin faxtæki.

Þrátt fyrir upplýsingatæknibyltinguna og internetið sem
þá hafði vart slitið barnsskónum hefur blaðið verið trútt
þessum meginmarkmiðum sínum að vera sameiginlegur
vettvangur Lögmanna-
félagsins og lögmanna. Þótt punktar
úr gömlum gerðarbókum félagsins hafi ekki orðið langlífir-
enda væntanlega takmörk á umfjöllunarefninu – var í fyrsta
tölublaðinu að finna pistil af Merði lögmanni sem síðan
hefur verið fastur liður í blaðinu þótt að brúna umslagið
með nafnlausri grein um sorgir og þrautir Marðar og
baráttunni fyrir gamla, góða Íslandi berist nú óregulegar
en áður.

Lögmanna-
blaðið á tilvist sína að stóru leyti undir því að
lögmenn lesi blaðið og leggi því til efni. Lögmenn hafa
tekið blaði sínu vel og margir lagt drjúgan skerf með því
að senda greinar um áhugaverð efni eða að skiptast á
skoðunum á vettvangi dagsins.

Það er alls ekki sjálfsagt að lögmenn verji frítíma sínum til
slíkra starfa án annarra launa en ánægjunnar af verkinu
og þakka (eða skamma) lesendanna. Það má hins vegar
ljóst vera að aðstandendur blaðsins hafa verið þakklátir
öllum þeim fjölda lögmanna sem hafa lagt blaðinu til efni
og stuðla þar með að áframhaldandi tilvist blaðsins. Megi
svo verða áfram.

Endurmenntun fyrir lögfræðinga

// Lagadeild Háskólans í Reykjavík býður upp á endurmenntun
fyrir lögfræðinga með námskeiðum á meistarastigi //

Námskeið á haustönn 2021

Aðferðafræði

Sindri M. Stephensen og Stefán A. Svensson

Alþjóðleg lausaffjárkaup

Garðar Víðir Gunnarsson og Snjólaug Árnadóttir

Alþjóðlegur skattaréttur II

Páll Jóhannesson

EES-samningurinn: Upptaka og innleiðing

Margrét Einarsdóttir og Lilja Ólafsdóttir

Íþróttaréttur

Ragnar Baldursson

Málstofa í stjórnskipunarrétti og stjórnskipunarsögu

Björn Jón Bragason og Ragnhildur Helgadóttir

Sjó- og flutningaréttur

Guðmundur Sigurðsson

Skipulögð glæpastarfsemi

Svala Ísfeld Ólafsdóttir

Skuldaskilaréttur

Pórhallur Bergmann og Birgir Már Björnsson

Stjórnsýsluréttur - Verkefni stjórnvalda, valdmörk og fleira

Margrét V. Kristjánsdóttir

Vinnuréttur

Dagný Ósk Aradóttir Pind og Sonja Berndsen



Námskeið kennd á ensku

European Convention on Human Rights

Davíð Þór Björgvinsson og fl.

European Law: Internal market

Gunnar Þór Pétursson

International and European Energy Law - Icelandic Energy Law

Kristín Haraldsdóttir og fl.

International Commercial Arbitration

Garðar Víðir Gunnarsson

International Standards of Investment Protection

Finnur Magnússon

Law and Economics

Haukur Logi Karlsson

Willem C. Vis Int. Commercial Arbitration Moot I

Garðar Víðir Gunnarsson

Námskeið á vorönn 2022

Alþjóðlegur einkamálaréttur

Eiríkur Elís Þorláksson

Fasteignakauparéttur

Ívar Pálsson

Félaga- og fjármálamarkaðsréttur

Andri F. Bergþórsson og Magnús H. Magnússon

Fullnustaréttarfar

Andri Andrason, Ingvar Ásmundsson og Viðar Lúðvíksson

Hagnýtur samningaréttur

Hulda Kristín Magnúsdóttir

Kaup á fyrirtækjum/samruni - áreiðanleikakannanir

Ólafur F. Haraldsson, Garðar G. Gíslason og Kristín Edwald

Neytendaréttur

Halldóra Þorsteinsdóttir

Opinber innkaup og útboðsréttur

Daníel Isebarn Ágústsson og Hildur Georgsdóttir

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Vigdís Eva Línal og Alma Tryggvadóttir

Réttarsálfræði

Jón F. Sigurðsson, Anna K. Newton og Gísli Guðjónsson

Auðlindaréttur

Kristín Haraldsdóttir

Umhverfisréttur

Snjólaug Árnadóttir



Námskeið kennd á ensku

Entertainment Law

Sigríður Rut Júlíusdóttir

EU Constitutional Law

Gunnar Þór Pétursson

European Law: Financial Services

Hallgrímur Ásgeirsson

International Criminal Law

Þórdís Ingadóttir

Law of Private Equity Finance

Ingvar Ásmundsson

The International Law of the Sea

Bjarni Már Magnússon

Trade Mark Law

Ásdís Magnúsdóttir

Willem C. Vis Int. Commercial Arbitration Moot II

Garðar Víðir Gunnarsson

EEA Moot Court Competition


Tilkynnt síðar

Útskrifuðum lögfræðingum frá HR
stendur til boða að sækja einstök
námskeið í lagadeild með

50% afslætti


• Sjá nánar á: hr.is/lagadeild •

FJÖLDI OG SAMSETNING FÉLAGSMANNA LÖGMANNAFÉLAGS ÍSLANDS



Þróun fjölda félagsmanna á árabílinu 2011 til 2021.

Í lok mars 2021 voru félagsmenn í Lögmannafélagi Íslands 1052 talsins sem er sami fjöldi og á sama tíma árið 2020. Héraðsdómslögmenntu eru 690 talsins, landsréttarlögmenntu 55 og hæstaréttarlögmenntu 305, auk þess sem tveir félagsmenn starfa á grundvelli erlendra málflytningarréttinda.



Hlutfallsleg skipting félagsmanna eftir starfsvettvangi.


Alls eru 563 lögmenn sjálfstætt starfandi eða 54% félagsmanna og 162 lögmenn starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna, eða sem svara til 15% félagsmanna. Þá voru innanhússlögmenn hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum 272 talsins eða 26%. Af 272 innanhússlögmönnum störfuðu 77 hjá ríki eða sveitarfélögum og 195 hjá fyrirtækjum og félagasamtökum. Fjöldi lögmanna sem ekki stunda lögmansstörf sökum aldurs eða veikinda er 55 eða 5% af heildarfjölda félagsmanna.

Þó svo ekki sé um miklar vendingar að ræða á fjölda eða samsetningu félagsmanna á milli árána 2020 og 2021 er athyglisvert að bera framangreindar tölur saman við upplýsingar um fjölda og samsetningu félagsmanna yfir lengra tímabil. Ef farið er fimm ár aftur í tímann, þ.e. til ársins 2016, kemur í ljós að umtalsverðar breytingar hafa átt sér stað á samsetningu félagsins. Fyrst má nefna að félagsmenn voru nokkuð fleiri árið 2016, eða 1084 talsins. Hlutfall sjálfstætt starfandi lögmanna í dag er töluvert hærra en árið 2016 og munar þar 8%, hefur hækkað úr 46% í 54%. Á sama tíma hefur hlutfall fulltrúa sjálfstætt starfandi lögmanna lækkað um 6%, farið úr 21% niður í 15%. Umtalsvert minni breytingar hafa hins vegar orðið á hlutfalli innanhússlögmanna á umræddu tímabili, en þó hefur hlutfallið lækkað um 3%, farið úr 29% félagsmanna

2016 í 26% í ár. Þá hefur hlutfall félagsmanna sem hættir eru störfum sökum aldurs farið úr 4% í 5%.

Konur í lögmansstétt

Konur eru 325 eða sem svara til 30,9% félagsmanna í Lögmannafélaginu og hefur þeim fjölgað um eina frá sama tíma árið 2020. Hins vegar hefur konum í félaginu fækkað frá árinu 2016 er þær voru 342, eða 31,5% félagsmanna. Þá vekur athygli athygli að hlutfall kvenna meðal sjálfstætt starfandi lögmanna hefur hækkað umtalsvert á sama árabili eða um 7%, farið úr 31% í 38%. Á móti kemur að hlutfall kvenna sem starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna hefur lækkað á sama árabili úr 28% í 22%. Hlutfall kvenna sem starfa sem innanhússlögmenn hefur hins vegar breyst minna á því tímabili sem um ræðir og er í dag 28% á móti 30% á árinu 2016. Fjöldi kvenna sem hættar eru störfum vegna aldurs er nú 2% á móti 1% árið 2016.



Konur í Lögmannafélaginu eftir starfsvettvangi.

Af þeim 325 konum sem í dag hafa virk málflutningsréttindi eru 48 með réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti en þær voru 47 á sama tíma árið 2016. Þá hafa 14 konur aflað sér málflutningsréttinda fyrir Landsrétti, auk þess sem 262 konur hafa málflutningsréttindi fyrir héraðsdómstólum. Loks starfar ein kona hér á grundvelli erlendra málflutningsréttinda.




Professional quality,
legal and financial translation into English
SCRIPTORIUM EHF.

Keneva Kunz, PhD, löggiltur skjalaþýðandi
+354 562 7504, 898 7966, keneva@scriptorium.is

Karlar í lögmannaátt

Karlar eru 727 í Lögmannaáttinu, eða einum færri en á sama tíma fyrir ári. Af þeim eru 257 hæstaréttarlögmenn og 41 sem aflað hafa sér málflutningsréttinda fyrir Landsrétti. Þá eru 428 með réttindi fyrir héraðsdómstólum auk þess sem einn starfar á grundvelli erlendra málflutningsréttinda.

Alls 440 karla í áttinu eru sjálfstætt starfandi, eða 61%, og 90 starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna eða sem svarar til 12%. Innanhússlögmenn eru 147 talsins, eða sem svarar til 20% karla, en af þeim starfa 110 hjá fyrirtækjum eða félagasamtökum og 37 hjá ríki eða sveitarfélögum. Líkt og hjá konunum hafa töluverðar breytingar átt sér stað. Þannig var hlutfall sjálfstætt starfandi lögmanna 53% árið 2016 og hlutfall fulltrúa 18%. Sama á við um hlutfall innanhússlögmanna en 23% féllu undir þennan flokk á árinu 2016. Þá hefur þeim sem hættir eru störfum sökum aldurs eða veikinda fjölgað úr 6% árið 2016 í 7% í ár.



Karlar í Lögmannaáttinu eftir starfsvettvangi.

Lögmannaáttin eldist

Athyglisvert er að skoða aldrisdreifingu félagsmanna og hvaða breytingar hafa átt sér stað frá árinu 2016. Af 1052 félagsmönnum eru 637 yngri 50 ára eða 60,5%, en hlutfall þessa aldurshóps var 65,5% árið 2016. Þetta þýðir m.ö.o. að lögmannaáttin er að eldast. Þær breytingar sem orðið hafa á aldrissamsetningu frá árinu 2016 er þó mismiklar eftir kynjum. Þannig er hlutfall kvenna yngri en 50 ára 72,3% en var 80,4% árið 2016. Á sama tíma hefur hlutfall karla yngri en 50 ára lækkað úr 58,6% árið 2016 í 55,3% árið 2021.


Hlutfallslega flestir lögmenn eru á aldrinum 40-49 ára, eða 29,9%, en næstflestir eru á aldrinum 30-39 ára, eða 28,6%. Lögmenn á aldrarskilinu 50-59 ára eru 20% félagsmanna. Þetta er töluverð breyting frá árinu 2016 þegar hlutfallslega

fjölmennasti hópur félagsmanna var á aldrinum 30-39 ára eða 34,2%, með aldurshópinum 40-49 ára í öðru sæti með 26,7% hlutfall. Þá var hlutfall aldurshópsins 50-59 ára 17,5% á árinu 2016. Þessi þróun skýrist væntanlega af því að töluvert hefur hægt á innkomu nýrra og yngri félagsmanna síðustu ár.

Aldrisdreifing eftir kyni

Sé aldrisdreifing skoðuð út frá kyni kemur í ljós að hlutfall karlkyns lögmanna á árinu 2021 er hæst á aldrarskilinu 40-49 ára eða 29,3%, en kvenkyns lögmanna á aldrarskilinu 30-39 ára, þar sem hlutfallið er 37,8%.


Þetta er töluverð breyting frá árinu 2016 þegar hlutfall bæði karla og kvenna í áttinu var hæst á aldrarskilinu 30-39 ára, en hlutfall karla í þessum aldurshópi var á þeim tíma 29,1% og kvenkyns lögmanna 45,3%.



Aldrisdreifing félagsmanna eftir kyni árið 2021.

Aldrisdreifing út frá starfsvettvangi


Sé aldrisdreifing skoðuð út frá starfsvettvangi félagsmanna kemur í ljós töluverður munur milli kynja, sérstaklega þegar horft er til félagsmanna undir 50 ára. Þannig starfa 58% karla undir 50 ára sjálfstætt á móti 27% kvenna. Dæmið snýst hins vegar við þegar skoðað er hlutfall lögmanna í sama aldurshópi sem starfa sem fulltrúar á lögmannaáttum, þar sem 19% karla fylla þann hóp samanborið við 29% kvenna. Það sama á við um þá sem starfa sem innanhússlögmenn þar sem munurinn er reyndar enn meiri, en 23% karla undir 50 ára starfa sem innanhússlögmenn samanborið við 43% kvenna.



Kynjahlutfall félagsmanna yngri en 50 ára árið 2021 eftir því hvar þeir starfa.

Þannig var hlutfall sjálfstætt starfandi karla 48% árið 2016, hlutfall karlkyns fulltrúa 26% og hlutfall karlkyns lögmanna undir 50 ára starfaði sem innanhússlögmenn einnig 26%. Hjá konum í sama aldursflokki var hlutfallið 26% sjálfstætt starfandi, 33% fulltrúar og 41% innanhússlögmenn.

Umtalsvert minni munur er á milli kynja þegar horft er til starfsvettvangs lögmanna 50 ára og eldri og hafa tiltölulega litlar breytingar orðið á samsetningu þeirra frá árinu 2016, nema hvað hlutfallslega fleiri konur í þessum aldurshópi starfa nú sjálfstætt borið saman við karla.



Kynjahlutfall félagsmanna 50 ára og eldri árið 2016 eftir því hvar þeir starfa.

Þannig eru 63% karla 50 ára og eldri sjálfstætt starfandi og 66% kvenna. Hlutföllin árið 2016 voru hins vegar 59% og 52% körlum í vil. Hlutfall þeirra í umræddum aldurshópi sem starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna er í dag 4% hjá körlum en 3% hjá konum, borið saman við 7% og 9% árið 2016. Mesti munurinn milli áranna 2021 og 2016 kemur fram meðal innanhússlögmanna en nú starfa 17% karla 50 ára og eldri sem innanhússlögmenn í stað 20% og 26% kvenna í stað 36% árið 2016.

II



juris

Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími 580 4400
www.juris.is

Juris er leiðandi lögmannsstofa sem leggur áherslu á þjónustu á sviði viðskipta og fjármála. Stofan nýtur viðurkenningar fyrir þekkingu og reynslu lögmanna sinna sem kappkosta að veita snögga og hagnýta þjónustu með hliðsjón af viðskiptalegum hagsmunum viðskiptavinarins. Á skrifstofu Juris starfa íslenskir og enskir lögmenn, með lögmannsréttindi í báðum löndum, og þannig getur stofan veitt skilvirka og hagkvæma þjónustu til aðila sem hafa starfsemi í báðum ríkjum.





Andri Árnason, lögmaður
Andri Andrásson, lögmaður, LL.M.
Bjarni Aðalgeirsson, lögmaður
Dr. Finnur Magnússon, lögmaður, LL.M.
Edda Andradóttir, lögmaður, LL.M.
Halldór Jónsson, lögmaður
Lárus L. Blöndal, lögmaður
Sigurbjörn Magnússon, lögmaður
Simon David Knight, lögmaður
Stefán A. Svensson, lögmaður, LL.M.
Vífill Harðarson, lögmaður, LL.M.

Hildur Þórarinsdóttir, lögmaður
Hólmfríður Björk Sigurðardóttir, lögmaður
Jenný Harðardóttir, lögmaður
Katherine Nichols, sérfræðingur
Sigrún Magnúsdóttir, lögfræðingur
Sigurður Helgason, lögmaður

FÉLAGSFUNDUR

UM REGLUR OG VERKLAG VIÐ ÁKVÖRÐUN ÞÓKNUNAR FYRIR VERJENDA- OG RÉTTARGÆSLUSTÖRF LÖGMANNA

ÁKVÖRÐUN ÞÓKNUNAR TIL VERJENDA OG RÉTTARGÆSLUMANNA HEFUR VERIÐ EITT FYRIRFERÐAMESTA BARÁTTUMÁL LÖGMANNAFÉLAGSINS Í ÁRATUGI OG EINUNGIS Á STARFSÁRI NÚVERANDI STJÓRNAR HAFI FULLTRÚAR FÉLAGSINS FUNDAÐ UM MÁLIÐ MEÐ DÓMSMÁLARÁÐHERRA, DÓMSTÓLASÝSLUNNI, RÍKISSAKSÓKNARA, LANDSRÉTTI OG LÖGREGLURÁÐI.

NÝVERIÐ SKILAÐI VINNUHÓPUR Á VEGUM FÉLAGSINS SKÝRSLU UM ENDURSKOÐUN REGLNA OG VERKLAGS VIÐ ÁKVÖRÐUN ÞÓKNUNAR FYRIR VERJENDA- OG RÉTTARGÆSLUSTÖRF LÖGMANNA OG 19. FEBRÚAR SÍÐASTLIÐINN VAR HALDINN FÉLAGSFUNDUR UM STÖÐU ÞESSARA MÁLA ÞAR SEM M.A. VAR FARIÐ YFIR NIÐURSTÖÐUR HÓPSINS. BERGLIND SVAVARSDÓTTIR FORMAÐUR LÖGMANNAFÉLAGSINS OG BJÖRGVIN JÓNSSON LÖGMAÐUR VORU FRUMMÆLENDUR Á FUNDINUM, SEM STÝRT VAR AF SIGURÐI ERNI HILMARSSYNI VARAFORMANNI FÉLAGSINS. HÉR Á EFTIR VERÐUR TÆPT Á ÞVÍ HELSTA SEM FRAM KOM.


Ágreiningur um tímagjald

Samkvæmt nýjum reglum dómstólasýslunnar nr. 2/2021 er viðmiðunartímagjald verjenda og réttargæslumanna kr. 19.000 en stjórn Lögmannafélagsins hefur þegar gert alvarlegar athugasemdir við þá fjárhæð og óskað endurskoðunar hennar. Skömmu fyrir félagsfund í Lögmannafélaginu bárust upplýsingar frá dómstólasýslunni varðandi útreikninga að baki ákvörðun tímagjaldsins, sem beðið hefur verið í rúm fjögur ár, þar sem fram kemur að dómstólasýslan byggji á tímagjaldi sem dómsmálaráðuneytið ákvað árið 1994 að skyldi nema kr. 5.000. Þetta viðmiðunargjald hafi síðan hækkað m.v. breytingar á vísitölum neysluverðs og framfærslukostnaðar. Þó hafi tímagjaldið hækkað um 195% frá framangreindu grunnviðmiði á sama tíma og vísitala neysluverðs hafi hækkað um 150%. Því væri núverandi tímagjald herra

en vísitölubreytingar segðu til um og stæði ef aðeins væri miðað við breytingar á vísitölu í kr. 16.300.

Lögmannafélagið hefur hins vegar talað fyrir því að óraunhæft sé að miða við vísitölu neysluverðs heldur væri nærtækast að gjaldið fylgdi breytingum á launavísitölu enda launakostnaður langstærsti hluti rekstrarkostnaðar lögmannsstofa. Hefur félagið m.a. bent á að ef hækkun

Í vinnuhópi sem vann álitserð um endurskoðun reglna og verklags við ákvörðun þóknunar fyrir verjenda- og réttargæslustörf sátu Arnar Kormákur Friðriksson, Björgvin Jónsson, Inga Lillý Brynjólfsdóttir, Oddgeir Einarsson og Þuríður Sigurjónsdóttir.



Berglind Svavarsdóttir formaður.



Björgvin Jónsson lögmaður og einn þeirra sem vann álitserðina.



Sigurður Örn Hilmarsson varaformaður var fundarstjóri.

Þóknunar hefði til dæmis fylgt launaþróun héraðsdómara á þessu tímabili hefði hún verið 460,4% og væri þá í dag kr. 23.020.

Í álitserð vinnuhópsins segir að festa þurfi í leiðbeinandi reglur dómstólasýslunnar vísitölutengingu á tímagjaldi lögmannna. Þess má geta að stjórn Lögmannafélagsins fékk í kjölfar félagsfundarins dr. Hersi Sigurgeirsson stærðfræðing til að reikna út hvaða vísitölu væri raunhæft að nota miðað við eðli starfsins, en niðurstöður hans er að finna í sérstakri grein í blaðinu.

Viðmiðunarreglur lögreglunnar

Samkvæmt viðmiðunarreglum lögregluembættanna er um útkall að ræða ef skýrslutaka fer fram innan 24 tíma frá boðun. Sé hins vegar boðað til skýrslutöku síðar þjóða reglur lögreglustjóraembættanna að aðeins skuli greitt fyrir þann tíma sem skýrslutakan sjálf tekur. Því blasi við að talsverður tími liggja óbættur hjá garði þar sem ekki sé þá gert ráð fyrir þeim tíma lögmannsins að setja sig inn í mál, ræða við skjólstæðing sinn fyrir og eftir skýrslutöku, auk þess tíma sem gjarnan líði frá áætluðum tíma skýrslutöku og þar til hún raunverulega hefst.

Í janúar 2020 hafði Lögmannafélagið samband við öll lögregluembætti landsins og óskaði eftir að fá upplýsingar um verklag embættanna við ákvörðun þóknunar til verjenda og réttargæslumanna. Í mars sama ár tilkynnti nýstofnað lögregluráð svo um sérstakar samræmdar viðmiðunarreglur um þóknun til verjenda og réttargæslumanna á rannsóknarstigi sem gerðu ráð fyrir tímagjaldi að fjárhæð kr. 17.000 á sama tíma og reglur dómstólasýslunnar miðuðu tímagjaldið við kr. 18.500. Í framhaldinu óskaði

Lögmannafélagið eftir rökstuðningi frá lögregluráði fyrir fjárhæð tímagjaldsins og jafnframt eftir upplýsingum um á hvaða lagagrundvelli reglurnar byggðu þar sem óljóst var um heimildir lögregluráðs til setningu slíkra reglna. Einnig gerðu forsvarsmenn Lögmannafélagsins athugasemdir við reglur lögregluráðs á fundi með dómismálaráðherra í maí 2020.

Síðastliðið haust féll lögregluráð frá samræmdu viðmiðunargjaldi og beindi því til sérhvers lögregluembættis að setja sér eigin reglur. Þær hefur félagið nú fengið sendar frá flestum lögregluembættum og eru þær algjörlega samhljóða en í þeim er nú vísað til reglna dómstólasýslunnar varðandi fjárhæð tímagjalds. Samkvæmt leiðbeinandi reglum lögregluembættanna eru greiddir þrjú tímar fyrir útkall vegna fyrstu fyrirtöku, enda hafi lögmaður fengið boð um hana innan sólarhrings.

Félagið hefur einnig í gegnum tíðina gert athugasemdir við að upplýsingastreymi til verjenda og réttargæslumanna sé ekki samræmt milli lögregluembættanna en það er upplifun félagsmanna að ákveðið virðingarleysi viðgangist af hálfu rannsóknaraðila gagnavart störfum lögmannna auk þess sem það taki oft en ekki langan tíma að fá greitt fyrir vinnuna.

Í álitserð vinnuhópsins segir m.a. að koma þurfi á festu í þeirri framkvæmd að lögönnum sé heimilt að krefjast greiðslu frá lögregluembættum, vegna starfa sem tilnefndir réttargæslumenn eða verjendur, á sex mánaða fresti og með reglulegu millibili allt þar til ákæra er gefin út, enda myndu fáar starfsstéttir sitja þegjandi undir því að fá greitt fyrir vinnu sína þremur árum eftir að hún var innt af hendi og þurfa þá jafnframt að sæta umtalsverðri lækun þóknunar

án rökstuðnings eða möguleika á að bera ágreining um þóknun undir dómstóla.

Finna þarf farveg ágreiningsmála

Vinnuhópurinn leggur til að sett verði af stað vinna við að finna ágreiningsmálum er snúa að fjárhæð þóknunar verjenda og réttargæslumanna viðeigandi farveg. Málskostnaðarákvarðanir væru sjaldnast rökstuddar í dómum en fjöldi dæma væru um að málsvarnarlauð næmu aðeins um 60% af þeirri vinnu sem sannanlega var innt af hendi. Sérstaklega virtist bera á því að dæmd þóknun væri langt undir tímaskýrslu lögmanna þegar mál væru til meðferðar á áfrýjunarstigi.

Á fundinum var lögð fram og samþykkt eftirfarandi ályktun, sem samþykkt var að senda dómsmálaráðherra:

Ályktun

„Félagsfundur í Lögmannafélagi Íslands haldinn föstudaginn 19. febrúar 2021, samþykkir svohljóðandi ályktun:

Félagsfundur í Lögmannafélagi Íslands lýsir verulegum vonbrigðum með nýlegar viðmiðunarreglur dómstólasýslunnar varðandi fjárhæð og fyrirkomulag greiðslna til lögmanna í tengslum við störf þeirra sem verjendur og réttargæslumenn. Ákvarðað tímagjald er ekki í neinu samræmi við almennt tímagjald í gjaldskrá lögmanna og rekstrarkostnað lögmannastofa. Þá eru reglurnar

haldnar þeim annmarka að þóknun er sjaldnast greidd í samræmi við þann tíma sem hagsmunagæsla stendur yfir.

Einnig gerir fundurinn alvarlegar athugasemdir við að ákvarðanir rannsóknaraðila og dómstóla um lækun umkrafinnar þóknunar fyrir verjenda- og réttargæslustörf lögmanna eru sjaldnast rökstuddar. Telur fundurinn að ákvörðun dómstólasýslunnar um fjárhæð tímagjalds og órökstuddar ákvarðanir rannsóknaraðila og dómstóla um lækun þóknunar lögmanna fyrir verjenda- og réttargæslustörf sé ekki aðeins vanvirðing við störf lögmanna, heldur einnig við stöðu skjólstæðinga þeirra sem jafnvel eiga frelsi sitt og framtíð undir vinnu verjenda og réttargæslumanna. Hafa verði í huga að lögmenn, sem lögum samkvæmt er skylt að taka að sér verjenda- og réttargæslustörf, verða að vera til taks hvenær sem er sólarhrings alla daga ársins og jafnframt vera reiðubúnir til að leggja frá sér vinnu við önnur aðkallandi verkefni, til þess að bregðast við beiðni um hagsmunagæslu í refsímálum.

Félagsfundur Lögmannafélags Íslands krefst þess að dómsmálaráðherra grípi þegar í stað til viðeigandi ráðstafana til að tryggja verjendum og réttargæslumönnum sanngjarna þóknun fyrir störf í þágu skjólstæðinga sinna, sem þeim er skylt að sinna lögum samkvæmt.“



VÍSITALA

MÁL SVARNARLAUNA

Líkt og rakið er í grein hér á undan var haldinn félagsfundur í Lögmannafélaginu þann 19. febrúar sl. þar sem m.a. var kynnt skýrsla vinnuhóps félagsins um endurskoðun reglna og verklags við ákvörðun þóknunar fyrir verjenda- og réttargæslustörf lögmanna. Á fundinum upplýsti formaður félagsins einnig um inntak bréfs dómstólasýslunnar frá 16. febrúar sl., þar sem beiðni Lögmannafélagsins, um að nýútgefnar reglur um ákvörðun þóknunar fyrir verjenda- og réttargæslustörf lögmanna yrðu teknar til endurskoðunar, var hafnað. Í bréfi dómstólasýslunnar var jafnframt að finna svar við erindi stjórnar Lögmannafélagsins frá 15. febrúar 2017, þar sem þess var krafist að dómstólasýslan gerði grein fyrir þeim forsendum sem liggja að baki fjárhæðum í viðmiðunarreglum sínum og gerði jafnframt grein fyrir útreikningum að baki ákvörðunum um hækkun umræddra fjárhæða frá því viðmiðunarreglur voru settar um þóknun vegna framangreindra starfa lögmanna.

Við setningu fyrstu viðmiðunarreglna árið 2000 ákvað dómstólaráð að viðmiðunargjald yrði kr. 6.500 en frá þeim tíma hafi sú fjárhæð verið endurskoðuð reglubundið með hliðsjón af þróun verðlags á grundvelli breytinga á vísitölum framfærslukostnaðar og neysluverðs. Ekki er í svari dómstólasýslunnar gerð nánari grein fyrir hvaða forsendur lágu að baki ákvörðunar um framangreint tímagjald að öðru leyti en því að ákveðið hafi verið að hækka tímagjaldið úr kr. 5.000, sem dómismálaráðuneytið hafði ákveðið árið 1994. Er stjórn Lögmannafélagsins jafnframt upplýst um það í bréfinu að stjórn dómstólasýslunnar hafi ákveðið að ákvæði viðmiðunarreglnanna um tímagjald verði framvegis uppfært í ársbyrjun ár hvert með hliðsjón af verðlagsþróun milli ára á grundvelli vísitalna framfærslukostnaðar og neysluverðs en að Lögmannafélagið geti, áður en til næstu endurskoðun kemur, reifað sjónarmið sín um þau viðmið eða mælikvarða sem félagið telur að leggja ætti til grundvallar við útreikning viðmiðunarfjárhæða.

Í ljósi sjónarmiða dómstólasýslunnar um forsendur fjárhæða viðmiðunarreglna um þóknun fyrir verjenda og réttargæslustörf lögmanna ákvað stjórn Lögmannafélagsins að afla sérfræðiálits um efnið, m.a. út frá rekstrarforsendum lögmannsstofa. Leitaði félagið til dr. Hersis Sigurgeirssonar stærðfræðings og dósentis við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands sem skilaði álitsgerð um efnið til stjórnar félagsins nú í lok mars.

Samkvæmt því sem fram kemur í úttekt dr. Hersis, þarf þóknun verjenda og réttargæslumanna að standa undir launum, launatengdum gjöldum og öðrum rekstrarkostnaði lögmannsstofa. Af ársreikningum fimm lögmannastofa yfir tímabilið 2016-2019 megi ráða að hlutfall launa og launatengdra gjalda af rekstrargjöldum sé á bilinu 72,4 – 81,9% og að meðaltali 76,4%. Miðað við þessar forsendur er það mat dr. Hersis að eðlilegt sé að miða við að af þóknun fari 75% til greiðslu launa og launatengdra gjalda og 25% til greiðslu á öðrum rekstrarkostnaði. Eðlilegt verði að telja að laun verjenda og réttargæslumanna þróist í takt við launavísitölu og að gera megi ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður lögmannsstofa þróist í takt við neysluverðsvísitölu. Þóknun verjenda og réttargæslumanna ætti því að haldast í hendur við þróun bæði launa og verðlags og taka mið af vísitölu sem er samsett 75% af launavísitölu og 25% neysluverðsvísitölu, sem dr. Hersis kallar vísitölu málsvarnarlauna.

Í álitsgerðinni er einnig að finna útreikninga á því hvert rétt tímagjald viðmiðunarreglna dómstólasýslunnar ætti að vera, annars vegar miðað við þróun vísitölu málsvarnarlauna frá árinu 1994, þegar dómismálaráðuneytið setti reglur um fjárhæð tímagjalds og hins vegar miðað við tímagjald fyrstu viðmiðunarreglna dómstólaráðs frá árinu 2001. Miðað við fyrra viðmiðið ætti tímagjald í dag að vera kr. 25.754 krónur en kr. 24.415 krónur sé miðað við síðari forsendurnar. Af þessu má glögg sjá að núgildandi viðmiðunartímagjald

dómstólasýslunnar að fjárhæð 19.000 krónur hefur ekki náð að fylgja þeim útgjaldaauka sem þróun launa- og neysluvísitala hefur haft á rekstur lögmannsstofa síðustu rúma tvo áratugi. Þetta þýðir jafnframt að núgildandi tímagjald er langt frá því standa undir rekstrarkostnaði þeirra lögmannna sem sinna verjenda- og réttargæslustörfum.

Í framhaldi af sérfræðiúttektinni sendi stjórn Lögmannafélagsins áskorun til stjórnar dómstólasýslunnar um að taka fjárhæðir gildandi viðmiðunarreglna til gagn Gerrar endurskoðunar og gefa út nýjar reglur, þar sem jafnframt væri skýrt kveðið á um að framvegis verði fjárhæðir uppfærðar ár hvert í samræmi við þróun vísitölu málsvarnarlauna.

Samhliða framangreindu sendi stjórn Lögmannafélagsins dómismálaráðherra bréf þar sem kynnt var skýrsla vinnuhóps félagsins um þóknunarmál verjenda- og réttargæslumanna og jafnframt óskað eftir fundi með ráðherra til að fara yfir stöðu mála og ræða tillögur að nauðsynlegum breytingum á gildandi regluverki.

II

Námskeið Lögmannafélags Íslands

MÖT Á AFLEIÐINGUM LÍKAMSTJÓNA (ÖRORKUMÖT) – LÆKNISFRÆÐI VS LÖGFRÆÐI – 27. APRÍL 2021

Annars vegar verður fjallað um gagnaöflun og læknisfræðileg orsakatengsl við mót á afleiðingum líkamstjóna, um meginreglur matsfræðanna varðandi mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku og varanlegum miska. Hins vegar verður fjallað um gagnaöflun og lögfræðileg orsakatengsl svo og um mat á varanlegri örorku.

Kennarar Magnús Páll Albertsson læknir og lögfræðingur og Sigurður R. Arnalds lögmaður.

Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

Tími Alls 4 klst. Þriðjudagur 27. apríl kl. 13.00-17.00.

Verð kr. 44.000,-

(kr. 4.400 í afslátt fyrir félagi í LMFÍ og LÍ og kr. 13.200,- í afslátt fyrir aðild að félagsdeild LMFÍ.)

ÖRORKUMAT – UPPGJÖR SLYSAMÁLA 4. MAÍ 2021

Farið verður yfir hvaða helstu atriði þurfa að liggja til grundvallar við gerð örorkumats við uppgjör slysamála og praktísk lögfræðileg atriði sem hafa ber í huga í ferlinu. Hvað einkennir vel gert örorkumat? Hvaða sérfræðingar geta gert örorkumat?

Kennari Óðinn Elisson, lögmaður hjá Fulltingi.

Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

Tími Alls 3 klst. Þriðjudagur 4. maí kl. 13.00-16.00

Verð kr. 33.000,-

(kr. 3.300 í afslátt fyrir félagi í LMFÍ og LÍ og kr. 9.000,- í afslátt fyrir aðild að félagsdeild LMFÍ.)

Skráning á heimasíðu LMFÍ

BBA // FJELDCO



FULLTINGI

slysa- og skaðabótamál

LOGOS

Reykjavík · London



LANDSLÖG

LÖGFRÆÐISTOFA

LMB | MANDAT

MAGNA

L Ö G M E N N



Lögfræðistofa Reykjavíkur

S. Sif Thorlacius hdl.
Kristján B. Thorlacius hrl.
Guðmundur Ómar Hafsteinsson hrl.
Tinna Björk Gunnarsdóttir hdl.
Halldór Hrannar Halldórsson hdl.

FORTIS
Lögmannsstofa



Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík
Sími 414 4100 · Fax 414 4101 · www.law.is



Vegna Covid-19 hafa margir kosið að sækja námskeið LMFÍ í fjarfundi en það var stund milli stríða þegar lögræðislögin voru til umfjöllunar svo hluti þátttakenda mætti í kennslusal. F.v. Styrkár Hallsson sálfræðingur, Sonja Símonardóttir lögræðingur, Svala Ólafsdóttir lögræðingur og Helga Baldvins Bjargardóttir lögmaður.

LÖGRÆÐISMÁLIN OG LÖGMENN

Í FEBRÚAR SÍÐASTLIÐNUM VAR HALDIÐ NÁMSKEIÐ HJÁ LÖGMANNAFÉLAGINU UM STÖRF LÖGMANNA Í LÖGRÆÐISMÁLUM. TIL AÐ ENDURSPEGLA ALLAR HLIÐAR ÞESSA MÁLAFLOKKS VORU FENGIR TIL KENNSLU LÖGMAÐUR, GEÐLÆKNIR, SÁLFRÆÐINGUR, RÉTTINDAGÆSLUMAÐUR OG SVO FORMAÐUR GEÐHJÁLPAR. Í ÞESSARI GREIN VERÐUR TÆPT Á HELSTU ATRIÐUM SEM FRAM KOMU Á NÁMSKEIÐINU.


Skyldur verjenda í L - málum

Inga Lillý Brynjólfssdóttir lögmaður byrjaði á því að fjalla um hvað L-málin væru; nauðungarvistun í 72 tíma, 21 dag, tólf vikna framlengingu og svo sviptingu lögræðis sem getur verið svipting fjárræðis eða sjálfræðis eða svipting beggja. Inga Lillý fjallaði um í hverju hagsmunagæsla verjenda fælist við sjálfræðissviptingu og sagði það skyldu hans að hitta skjólstæðinginn sem fyrst og kynna framkomna kröfu, vera í samskiptum eins oft og þörf krefði, upplýsa hann um hvert skref, kanna hvort hann vildi eða gæti mætt fyrir dóm og loks kynna honum niðurstöðu máls í eigin persónu og kæruleiðir ef að niðurstaða væri neikvæð. Umfram allt skipti máli að vera mannlegur og setja sig í

spor skjólstæðinga sem væru í afar veikri stöðu og mættu jafnvel eingöngu vera í sambandi við lögmann sinn. Að því búnu fjallaði hún um sviptingu lögræðis og fór yfir dómafordæmi þar sem dómara höfðu hafnað kröfu um sviptingu. Inga Lillý lagði áherslu á að það dýrmætasta sem einstaklingur á er sjálfræðið og það væri því mikilvægt að lögmenn setji sig vel inn í mál og spyrji gagnrýnna spurninga varðandi sjúkdómsgreiningar og þörfina á sviptingu og/eða nauðungarvistun.

Sjúkdómar unga fólksins

Guðrún Dóra Bjarnadóttir geðlæknir og Styrkár Hallsson sálfræðingur fjölluðu um geðklofa og geðrofseinkenni og



Guðrún Dóra Bjarnadóttir geðlæknir.

sögðu geðrofssjúkdóma vera sjúkdóma ungs fólks þar sem 75% þeirra sem færu í geðrof í fyrsta sinn gerðu það fyrir 24 ára aldur. Á hverju ári greinast um 30 manns með geðklofa en tíðni sjúkdómsins er 0,7 til 1% og því má ætla að á bilinu 2.500 til 3.500 manns séu með hann á Íslandi. Þar af glímur um helmingur einnig við vímuefnavanda.

Geðklofi er flókinn sjúkdómur í heila sem á sér líffræðilegar orsakir og einkennist af truflun á hugsun, skynjun, tilfinningum og vitrænni starfsemi. Lengi vel var verið að leita að einu geni sem orsök en nú er búið að finna allt að 140 stökkbreytt gen sem geta valdið geðklofasjúkdómi. Þannig eru orsakir samspil margra þátta sem hafa gríðarlega mikil áhrif á líf einstaklinga og getur minnkað lífslíkur þeirra um 22-25 ár.



Héðinn Unnsteinsson formaður Geðhjálpar.

Fram til breytinga á lögræðislögum 2015 var hægt að nauðungarvista í 21 dag og að því loknu þurfti að sjálfræðissvipta einstakling í sex mánuði með úrskurði dómstóls ef hann þurfti lengri meðferð. Þá var lögum breytt þannig að hægt var að nauðungarvista sjúklinga í allt að 12 vikur með úrskurði dómstóls sem er mikil breyting til batnaðar þar sem hluti sjúklinga eru veikir í 5-7 vikur og komnir með fulla færni eftir það. Ákvörðun um nauðungarvistun í allt að 21 dag er tekin af sýslumanni og kynnir læknir sjúklingi ef sýslumaður fellst á sviptingu og þá jafnframt að hann eigi rétt á ráðgjafa frá dómsmálaráðuneyti og lögmanni sér að kostnaðarlausu.

Guðrún Dóra telur ólíklegt að hægt verði að afnema nauðungarvistanir með öllu en meðferðaraðilar eiga að reyna að komast hjá nauðung með öllum mögulegum leiðum. Samvinna sé alltaf farsælust og það gerir enginn að leik sínum að nauðungarvista fólk: „T.d. einstaklingar í geðrofi eða í örlyndi hafa ekki alltaf innsæi í veikindi sín og þá getur verið erfitt að meta hvort frelsissvipta eigi einstakling en hafa ber einnig í huga að þeir sem eru veikir eiga rétt á bestu mögulegu meðferð. Þeir sem hafa verið nauðungarvistaðir hafa oft þakkað manni fyrir eftir á svo það eru tvær hliðar á þessum peningi. En ég er sammála því að þetta er stórt inngríp í líf fólk og það þarf að vanda til verka,“ sagði hún.



Inga Lilly Brynjólfssdóttir lögmaður.

Talsmenn fatlaðra: Of miklar brotalamir í kerfinu

Jón Þorsteinn Sigurðsson yfirmaður réttindagæslumanna fatlaðs fólks, kynnti starf réttindagæslumanna sem standa svokallaða réttindavakt en átta réttindagæslumenn starfa nú um land allt. Hlutverk þeirra er að veita fötluðum einstaklingum stuðning við að leita réttar síns, leiðbeina og styðja við ýmiskonar málefni bæði er varðar þjónustu og persónuleg málefni. Réttindagæslumenn starfa eftir þeirri grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem fjallað er um í 12. gr. og þeim athugasemdum sem fylgja henni. Aðkoma réttindagæslumanna fatlaðs fólks er hluti af verklagi lögreglu er varðar rannsókn kynferðisbrota þegar fatlað fólk á í hlut. Aðrar stofnanir og félög sem kalla réttindagæslumenn til vegna ætlaðra brota á rétti fatlaðs fólks eru t.d. hagsmunasamtök fatlaðs fólks, Landspítali-Háskólasjúkrahús, neyðarmóttaka þolenda kynferðisofbeldis, lögregla, félagasamtök fatlaðs fólks eða sem vinna með fötluðu fólki, starfsfólk í þjónustu félagsþjónustu sveitafélaga og stofnana á þeirra vegum. Fatlaðir einstaklingar sem telja á sér brotið, og þurfa aðstoð við að leita réttar síns í málefnum sem varða grundvallarréttindi þeirra, eiga rétt á aðstoð réttindagæslumanns fatlaðs fólks. Aðstandendur fatlaðs fólks tilkynna einnig í ríkum mæli ætluð réttindabrot til réttindagæslumanna fatlaðs fólks.



Jón Þorsteinn Sigurðsson réttindagæslumaður.

„Persónulegur talsmaður” er stuðningur við fatlaðan einstakling sem finna má í lögum um réttindagæslu og styður talsmaður til dæmis einstaklinginn með fjármál og fleira sem hann á erfitt með að sinna en sambærilegt kerfi má finna á Norðurlöndum. Einnig er starfandi sérstakt sérfræðingateymi sem reynir að tryggja að þeir sem sinna þjónustu við fatlað fólk beiti ekki nauðung við störf sín og veitir ráðgjöf. Eftirlit með lögráðamönnum er hjá sýslumönnum landsins en Jón Þorsteinn sagði að réttindagæslumenn fengju oft upplýsingar um brot gagnvart þeim sem eru sviptir lögræði: „Það er ekki meðalhóf að svipta fólk réttindum sínum en dæmi eru um að fatlaður einstaklingur hafi verið sviptur fjárræði að beiðni fjölskyldumeðlims af því að það þurfti að skipta dánarbúi í staðinn fyrir að fá honum skipaðan sérstakan talsmann eða hlutlausan málsvara við skiptin,“ sagði hann.

Réttindagæslumenn beita sér fyrir því að sveitarfélög þjónusti fatlaða eins og kostur er og tryggi réttindi þeirra við málsmeðferð er sótt er um þjónustu: „Við erum alltaf að sjá það betur og betur, eftir því sem málum fjölga, hvað kerfið er þjónustar þessa einstaklinga er veikburða og hvað þekking á málsmeðferð er ábótavant er kemur að fötluðu fólki. Það eru of miklar brotalamir í því þó viljinn sé eflaust góður,“ sagði Jón Þorsteinn.

Lögmenn og lögfræðingar geta haft samband við réttindagæslumenn vegna skjólstæðinga sinna. Ef lögfræðingur er skipaður talsmaður í nauðungarvistunarmáli eða sjálfræðissviptingarmáli getur hann haft samband við réttindagæslumann sem aðstoðar ef skjólstæðingurinn vill. Jón Þorsteinn sagði réttindagæslumenn einungis vinna fyrir einstaklinginn og tryggja að hans vilji komi fram. Til að hafa samband við réttindagæslumann er hægt að fara á heimasíðuna www.rettindagaesla.is

Vangaveltur um þvingun og nauðung

Að lokum var Héðinn Unnsteinsson formaður Geðhjálpur með vangaveltur um þvingun og nauðung í meðferð og fjallaði meðal annars um mikilvægi þess að setja fjármuni í forvarnir í stað þess að kljást sífellt við afleiðingar.

Síðustu ár hefur tíðni alvarlegra sjúkdóma aukist og sjúklingar greinast yngri. Innlagnir á spítala hafa aukist, lyfjakostnaður margfaldast og geðheilbrigðiskerfið er dýrara í rekstri. Árið 1990 voru 7.500 manns á örorkubótum og þar af voru um 30% með geðfötlun. Í dag eru öryrkjar 20.000, rúmlega 200% fleiri meðan á sama tíma hefur þjóðinni fjölgað um 40%.

Héðinn sagði að þegar kæmi að nauðung og þvingun skorti upp á margt en kerfið hefði þróast á grundvelli þjónustuveitenda í stað þjónustuþega. Afleiðingar þess, sem of oft fylgir þvingun og nauðung, væri oft miklu verri heldur en geðröskunin sjálf og það þyrfti að vinna að því að lágmarka slík inn grip og helst koma í veg fyrir þau. Beiting á ofbeldi við nauðungarvistun situr iðulega meira í fólki heldur en geðröskunin sem leiddi til þess: „Það er tekið svo margt af fólki sem er nauðungarvistað. Þú situr kannski inni í herbergi í 21 dag, með rúmi og stól, án þess að hafa gert nokkuð af þér. Það eru tveir starfsmenn fyrir utan hurðina og þú veist ekki af hverju þú ert þarna. Það er frelsissvipting,“ sagði Héðinn.

Héðinn sagði að hér á Íslandi sé ekki sérstök geðheilbrigðis-löggjöf og margir vilji meina að það sé gott. Nú séu hins vegar fjögur frumvörp til laga um þvingun og nauðung í farvatninu og það virtist sem lítið samráð ætti sér stað vegna þessa þar sem lögræðislögin væru í allsherjar- og menntamálanefnd, hegningarlögin í dómsmálaráðuneytinu, lög um réttindi sjúklinga í heilbrigðisráðuneytinu og lög um réttindi fatlaðra í félagsmálaráðuneytinu: „Öll þessi löggjöf á það sameiginlegt að fjalla um þvingun og nauðung. Allar líkur eru til þess að með vorinu verði þessi fjögur frumvörp að lögum með fjórum útgáfum af þvingun og nauðung. Þetta er strúktúrvandi stjórnkerfisins,“ sagði hann: „Vandinn felst ekki í viðleitninni heldur í strúktúrnum og menningunni. Þetta er eins og að setja stöðugt niður nýtt útsæði í garð sem er ekki með réttan jarðveg til ræktunar og búast við bættri uppskeru.“

Umræður í lokin

Að loknum framsögum var gefinn tími til umræðna og var samdóma álit viðstaddra að lögfræðingar og dómara væru nú mun meðvitaðri um hlutverk sitt í þessum málaflökki en áður. Hér koma nokkrir punktar um það sem rætt var:

- Ekki er hægt að fá tölfræðiupplýsingar um hve margir eru nauðungarvistaðir á Landspítala á hverju ári og meiri sýnileiki og eftirlit þarf að vera í kerfinu. Eins hefur verið erfitt að fá þessar upplýsingar hjá sýslumanni.
- Frelssvipting í forvarnarskyni er ekki réttlætanager af þeirri ástæðu að fólk er með geðsjúkdóma frekar en eltihrællar eru frelssviptir eða aðrir sem gætu hugsanlega framið afbrot. Það viðheldur mýtunni um hættulega geðsjúklinginn.
- Þar sem dómara í L-málum eru ekki birtir í héraðsdómi þá er erfitt fyrir lögmann sem ætlar að reyna skoða réttarstöðuna út frá fordæmum, t.d í hvaða tilvikum fallist hefur verið á kröfuna.

- Samkvæmt 25. gr lögræðisлага á vakthafandi sjúkra-
húslæknir að tilkynna nauðungarvistuðum manni um
ástæður nauðungarvistunar, rétt til að njóta aðstoðar
og stuðnings ráðgjafa og fleira. Gæta þarf þess að þetta
sé alltaf gert.
- 27. gr. lögræðisлага kveður á um ráðgjafa fyrir nauð-
ungarvastaða og samkvæmt 28. gr. skal nauðungar-
vistuðum einstaklingi boðin ráðgjöf og stuðningur eftir
að nauðungarvistun lýkur. Það er mikil brotalöm á því
að þetta sé gert en samkvæmt lögum á ráðherra að
skipa hvar þessi þjónusta fer fram en það hefur ekki
verið gert enn sem komið er.
- Þegar fólk er sjálfræðissvipt er því ekki alltaf strax
skipaður lögráðamaður. Dæmi eru um að einstaklingar
hafi þurft að bíða í sex mánuði. Þá þurfa lækna að hafa
samband við yfirlögráðanda, sem er sýslumaður, og það
eru oft miklir annmarkar á að ná þangað.
- Eðlilegt er að lögráðamaður sé hafður með í ráðum og
sé boðaður þegar sjálfræðissviptir einstaklingar koma
fyrir dóm.
- Það kemur fyrir að geðsjúkir þurfi að bíða í marga
mánuði á lokaðri geðdeild eftir búsetu við hæfi þar sem
sveitarfélög eru ekki að sinna hlutverki sínu.

EU

Ásar – þýðingar og túlkun slf

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda

Ása – þýðinga og túlkunar slf:

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkjur og skjalaþýðandi, EU-ACI

Bjarni Gunnarsson, löggiltur dómtúlkur og skjalaþýðandi

Niels Rask Vendelbjerg, löggiltur dómtúlkur og skjalaþýðandi

Matthías M. Kristiansen, þýðandi

Gísli S. Ásgeirsson, þýðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.

Aðili að rammasamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

Ásar – þýðingar og túlkun slf » Suðurlandsbraut 30, 4. hæð, 108 Reykjavík

sími: 897 2717 » netfang: ellening@simnet.is

SÁTTAMIÐLUN – VANNÝTT VERKFÆRI LÖGMANNA?

INGI POULSEN LÖGMAÐUR OG SÁTTAMIÐLARI



SÍFELT FLEIRI NOTA SÁTTAMIÐLUN SEM ÚRRÆÐI TIL ÚRLAUSNAR Á MARGVÍSLEGUM DEILUMÁLUM Á ÍSLANDI. SÁTT, FÉLAG UM SÁTTAMIÐLUN, HELDUR SKRÁ YFIR VIÐURKENNDA SÁTTAMIÐLARA SEM NÚ ERU UM 40 TALSINS. RÉTT UM HELMINGUR ÞEIRRA ERU STARFANDI LÖGMENN EÐA LÖGFRÆÐINGAR EN AÐRIR HAFA BAKGRUNN ÚR SÁLFRÆÐI, FÉLAGSRÁGJÖF, VERKFRÆÐI OG GUÐFRÆÐI SVO DÆMI SÉU NEFND. STÉTTIN FER ÖRT STÆKKANDI EFTIR ÞVÍ SEM SÁTTAMIÐLUN FESTIR SIG BETUR Í SESSI SEM ÁRANGURSRÍK LEIÐ TIL ÚRLAUSNAR ÁGREININGSMÁLA. Í ÞESSU STUTTA YFIRLITI ER FARIÐ YFIR HELSTU EINKENNI SÁTTAMIÐLUNAR, STÖÐU HENNAR Á ÍSLANDI Í SAMANBURÐI VIÐ HIN NORÐURLÖNDIN OG ÞVÍ VELT UPP MEÐ HVAÐA HÆTTI LÖGMENN GETA NÝTT SÉR SÁTTAMIÐLUN VIÐ VINNSLU MÁLA.

Í hverju felst sáttamiðlun?

Deilur fjalla í kjarna sínum um manneskjur og hvort sem deila snertir málefni fjölskyldna eða stórfyrirtækja er hvati deiluaðila yfirleitt byggður á einhvers konar þörf fyrir réttlæti, uppreist æru, viðurkenningu eða virðingu. Sáttamiðlun setur þessa manneskjulegu þætti í forgrunn og eru það aðilar málsins sem ákveða í sameiningu í hverju góð lausn deilunnar felst út frá þörfum þeirra og hagsmunum. Með sáttamiðlun er átt við ákveðna aðferð sem beitt er til að leysa úr ágreiningi þar sem tveir eða fleiri aðilar taka sjálfviljugir þátt. Óháður og hlutlaus sáttamiðlari leiðir deiluaðila í gegnum skipulagt og mótað ferli sem aðstoðar þá við að komast að samkomulagi um lausn ágreiningsins, sem þeir meta viðunandi. Í sáttamiðlun er því öll áherslan lögð á lausn deilunnar og aðilarnir sjálfir leika stærsta hlutverkið í þeirri vinnu. Hlutverk sáttamiðlarans er hins vegar að byggja brú á milli deiluaðila og hjálpa þeim að eiga uppbyggilegt samtal, koma auga á sameiginlega hagsmuni og aðstoða þá við að setja fram nothæfar lausnir. Hann beitir ákveðinni samtalstækni, spyr opinna spurninga og hjálpar aðilum að sjá deiluna út frá ólíkum hliðum og nýjum sjónarhornum.

Sáttamiðlun miðar að því að leiða aðila að úrlausn sem gerir þeim kleift að varðveita og byggja upp samband þeirra inn í framtíðina. Það getur verið verðmætt þegar um er að ræða deilur sem eiga sér stað innan viðskipta-, samstarfs- eða fjölskyldusambanda. Við uppkvaðningu dóma og úrskurða dómstóla og gerðardóma vakna oftast en ekki upp þau hughrif að annar aðili hafi tapað og hinn hafið unnið enda yfirleitt fallist á málatilbúnað annars aðila um leið og málatilbúnaði hins er hafnað. Þegar árangur næst í sáttamiðlun hefur aðilum hins vegar tekist að skapa sjálfir sína lausn og eru því meiri líkur á að aðilar upplifi að báðir séu sigurvegarar deilunnar. Sáttamiðlunin byggir á þeirri hugmyndafræði að deiluaðilar séu líklegri til að virða og efna sáttasamkomulag sem þeir sjálfir hafa skapað.

Þannig má segja að sáttamiðlun veiti ákveðið frelsi við lausn ágreinings enda eru aðilar ekki bundnir við sömu málsmeðferðarreglur og gilda þegar ágreiningur er borinn undir dóm. Þegar deilur eru færðar til dómstóla eða gerðardóma til úrlausnar eru deiluaðilar bundnir við þann lagagrundvöll og þær málsástæður sem kröfur aðila byggja á sem og málsmeðferðarreglur dómstólanna sem gera kröfu um ákveðið form og efni. Þar er ákveðið sambengi á milli staðreynda og viðeigandi lagareglna en minni áhersla á hinn manneskjulega þátt deilunnar.

Ísland eftirbátur annarra þjóða

Því verður ekki haldið fram að sáttamiðlun sé stór hluti af þeirri menningu og framkvæmd sem umlykur úrlausn deilumála á Íslandi. Lög um sáttamiðlun hafa ekki verið sett af Alþingi og réttarfarslöggjöfin gerir ekki sérstaklega ráð fyrir sáttamiðlun sem hluta af málsmeðferð fyrir dómi, þrátt fyrir almenna meginreglu um að dómari leiti sátta milli aðila. Í 107. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 má þó finna heimild til að vísa sáttaumleitunum til sýslumannsins í þeirri þinghá þar sem mál var höfðað, að undangenginni ósk aðila og að því gefnu að dómari telji það vænlegt til árangurs og ekki leiða til óþarfa tafa. Einnig heimilar ákvæðið aðilum að vísa máli sínu í sama farveg áður en mál er höfðað sbr. 1. mgr. in fine. Þrátt fyrir að það úrræði sé lítið notað er það vísir að einhvers konar umgjörð um sáttameðferð. Þess utan hafa sýslumenn sinnt sáttameðferðum á grundvelli 33. gr. a. barnalaga nr. 80/2002 um nokkurt skeið og á þeim grundvelli hefur formlegri sáttamiðlun verið beitt með góðum árangri.

Þá er rétt að minnast á að síðastliðið sumar kynnti Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, dómismálaráðherra, aðgerðir til að stytta boðunarlista til afplánunar refsinga. Ein þeirra tillagna felur í sér að heimildir ákæranda til að ljúka málum með sáttamiðlun verði rýmkaðar. Sáttamiðlun verði fest í sessi í lögum og að sérstök nefnd verði skipuð til að halda utan um sáttamiðlun og stuðla að framþróun úrræðisins. Er þetta í takt við þá þróun sem þegar hefur átt sér stað í mörgum samanburðarhæfum löndum enda fellur sáttamiðlun vel að hugmyndafræði um uppbyggilega réttvísi og er skjótvirkt, hagkvæmt og árangursríkt úrræði sem nota má til að leiða til lykta fjölbreyttar gerðir deilumála.

Í þessu samhengi er forvitnilegt að rýna stuttlega í umgjörð sáttamiðlunar í nærliggjandi löndum.

Noregur

Í Noregi er áratuga löng hefð fyrir notkun sáttamiðlunar en af hálfu ríkisins eru starfræktar 22 staðbundnar sátta-nefndir sem heyra undir sérstakt ágreiningsráð sem er starfrækt á grundvelli laga. Á þeim vettvangi er boðið upp á sáttameðferð utan réttar með aðstoð sáttamiðlara en stjórnarsýslulög gilda um málsmeðferð nefndanna. Sáttanefndirnar meðhöndla um 80 þúsund mál ár hvert en flest eru þau á sviði nábylísréttar, fjölskylduréttar og vinnuréttar. Þá er sáttamiðlun einnig hluti af réttarfari norskra dómstóla en í ákveðnum málaflokkum er sátta-miðlun skyldubundinn hluti af málsmeðferð fyrir dómi. Dómari sinni sáttahlutverki en auk þess er heimilt að kalla

sérstaka sáttamiðlara að málinu. Sáttahlutfall í málum sem sæta sáttamiðlun á þessu stigi er 70-80%.

Danmörk

Í hartnær tvo áratugi hefur sáttamiðlun staðið til boða hjá öllum dönskum dómstólum utan Hæstaréttar. Aðilum að dómsmálum býðst að hitta sáttamiðlara áður en til aðalmeðferðar kemur án kostnaðar. Sáttamiðlarinn getur verið annað hvort dómari eða lögmaður sem býr yfir þekkingu og reynslu af sáttamiðlun. Í sameiginlegri úttekt dönsku lögmannsamtakanna (*Danske Advokater*) og Samtaka sáttalögmannna (*Danske Mediatoradvokater*) kemur fram að á árunum 2017 og 2018 hafi 2/3 þeirra 908 dómsmála sem fóru í sáttamiðlun lokið með sátt undir stjórn sáttamiðlarans. Um helmingur málanna voru á sviði fjölskyldu- og erfðaréttar en næst flest mál vörðudu fasteigna- og leigurétt. Hlutfallslega sættust þó flest mál á sviði verktaka- og útboðsréttar og viðskipta og félagaréttar eða um 68-69% árið 2017 en 76-79% árið 2018. Í úttektinni er því dregin sú ályktun að sáttamiðlun sé sérstaklega áhrifarík leið til úrlausnar viðskiptadeilna.

Svíþjóð

Í Svíþjóð voru sett lög um sáttamiðlun árið 2011 en lögin taka til ágreiningsmála utan réttar. Lögin kveða á um einfaldar málsmeðferðareglur, fresti og fullnustu sáttasamninga. Í sænskum réttarfarslögum er þess utan að finna ákvæði um skyldu dómara til að leiðbeina aðilum um möguleika á sáttamiðlun en auk þess hafa dómara heimild til að vísa málum í sáttameðferð með samþykki málsaðila. Við slíkar aðstæður tilnefnir dómari sáttamiðlara og mælir fyrir um tímamörk.

Finnland

Finnar settu lög um sáttamiðlun árið 2005 en auk þess er mælt fyrir um sáttamiðlun í finnskum réttarfarslögum. Aðilar að dómsmáli geta hvenær sem er undir rekstri máls óskað eftir því að mál verði sent í sáttamiðlun, að fengnu samþykki gagnaðila. Sáttamiðlari kemur þá úr hópi annarra dómara en þess sem fer með málið. Sáttamiðlarinn hefur frjálsar hendur við sáttastörf og er ekki bundinn við málsgrundvöll aðila.

Sáttamiðlun á vettvangi Sameinuðu þjóðanna

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna á sér einnig stað þróun í átt að aukinni notkun sáttamiðlunar í deilumálum. Hafa 53 lönd, þar með talin Bandaríkin, Indland og Kína, undirritað samkomulag Sameinuðu þjóðanna um alþjóðlega samninga

á grundvelli sáttamiðlunar, sem allajafna er vísað til sem Singapúr-samkomulagsins. Með samkomulaginu, sem tók gildi 12. september 2020, skuldbinda aðildarríkin sig til að fylgja ákveðnum ramma um efndir og fullnustu þeirra samninga sem nást í viðskiptadeilum þvert á lögsögur í gegnum sáttamiðlun. Samkomulagið tryggir að aðilar að slíkum samningum geti tryggt efndir þeirra eftir einföldu og straumlínulöguðu ferli en markmið samkomulagsins er að efla alþjóðaviðskipti og hvetja til notkunar sáttamiðlunar í alþjóðlegum viðskiptadeilum.

Hvernig geta lögmenn nýtt sáttamiðlun og sáttamiðlara við vinnslu mála?

Tækifæri lögmanna til að nýta sáttamiðlun og utanaðkomandi sáttamiðlara við vinnslu mála eru vannaþýtt. Til samanburðar má nefna að fjölmargar danskar lögmannsstofur eru í nánú samstarfi við sáttamiðlarastofur. Með því geta lögmenn notið aðstoðar sáttamiðlara við úrlausn deilu með það að markmiði að leysa úr viðfangsefninu hratt og örugglega áður en mál er fært til dómstóla til úrlausnar. Lögmenn taka þannig þátt í sáttamiðlunarferlinu og tryggja hagsmuni sinna umbjóðanda í gegnum ferlið og veita þeim ráðgjöf en aðilar hafa sammælt um að fá hlutlausan aðila til að stýra því. Þá geta aðilar jafnvel ákveðið að velja sáttamiðlara með faglegan bakgrunn sem hentar viðkomandi deiluefni, svo sem úr viðskiptafræði, sálfræði eða verkfræði. Sáttamiðlari með sérfræðipekkingu á deiluefninu hefur möguleika á að setja hagsmuni deiluaðila í ákveðið samhengi út frá sinni sérfræðipekkingu sem getur nýst aðilum í að koma auga á nýjar leiðir út úr deilunni. Sáttamiðlun gagnast því vel sem úrræði á fyrri stigum og beri hún ekki árangur er farið með mál fyrir dómstóla. Með þessu fyrirkomulagi bætist við einfalt, skilvirkt og hagkvæmt verkfæri í kistu lögmanna sem gerir þeim kleift að veita betri þjónustu. Þá er sáttamiðlunin ekki síður gagnleg í þeim tilvikum þegar það er kostnaðarlega óhagkvæmt að bera deiluefni undir dómstóla eða lagaskilyrði koma í veg fyrir að mál verði til lykta leitt fyrir dómi.

Á heimasíðu Sáttar – félags um sáttamiðlun (www.satt.is) má nálgast upplýsingar um sáttamiðlun, viðurkennda sáttamiðlara og sérsvið þeirra.

ÁSKORUN TIL DÓMSMÁLARÁÐHERRA:

HRÖÐUM ÁFORMUM UM RAFRÆNT RÉTTARFAR

Um miðjan mars síðastliðinn lögðust dómstólasýslan, Dómarafélag Íslands, Lögfræðingafélag Íslands, Lögmannafélag Íslands og Ákærndafélag Íslands saman á árarar og skorðu á Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur dómismálaráðherra að hraða áformum um rafrænt réttarfar í einkamálum og að settur yrði aukinn kraftur í vinnu við réttarvörslugáttina svokölluðu.

Frumkvæði að þessari áskorun kemur frá Sigurði Tómasi Magnússyni hæstaréttardómara og formanni stjórnar dómstólasýslunnar en þrátt fyrir að ýmis mikilvæg skref hafi verið stigin við að koma á rafrænum samskiptum fyrir dómstólum þá er langur vegur í að nóg sé að gert. Ísland er langt á eftir nágrannaþjóðum um rafrænt aðgengi og rafræn samskipti milli dómstóla.

Það sem þarf að gera

Hópurinn segir að laga þurfi dómkerfið að þörfum rafræns nútímasamfélags og þótt mikilvæg skref hafi verið stigin við að koma á rafrænum samskiptum, t.d. milli lögreglu, ákærvalds og dómkerfisins, sé langur vegur að settu marki.

Það verður gríðarlega viðamikil, kostnaðarsamt og tímafrekt verkefni að koma á rafrænu réttarfari í einkamálum og sakamálum. Verkefnið varðar allan feril dómsmála frá því að grunnur er lagður að þeim hjá lögreglu, ákærvaldi, lögmönnum og öðrum sem sækja þurfi mál sín fyrir dómstólum, s.s. grunnvinnu rafrænna skjala, birtingu stefna, ákæra og tilkynninga. Þetta varðar meðferð mála á öllum þremur dómstigunum, birtingu dóma og aðgengi málsaðila, fjölmiðla og annarra að dómúrlausnum og öðrum upplýsingum um rekstur dómsmála sem og

varanlega vörslu þeirra skjala sem verða til. Loks tengist verkefnið fullnustu dóma í einkamálum og sakamálum og rafrænum samskiptum milli allra þeirra sem við á.

Þá þarf að tryggja að unnið verði samhliða að rafrænum lausnum í sakamálum og einkamálum og að þróa svipaðar tæknilausnir til að einfalda innleiðingu og vinnu við upplýsingakerfi, segir í bréfi til ráðherra.

Þríþætt verkefni

Hópurinn tekur fram í fimmtán liðum hvaða breytingar þurfi að gera á réttarframkvæmd á sviði einkamála og rekur þær fjölmörgu breytingar sem gera þurfi á dómstólakerfinu og réttarfarsreglum. Auk þess að tryggja fjármagn og mannauð til verkefnisins þá sé verkefnið þríþætt:

1. Breytingar á réttarfars- og fullnustulöggjöf.
2. Val og hönnun á rafrænum lausnum og viðeigandi tækjabúnaði, væntanlega á grundvelli opinbers útboðs.
3. Innleiðing hjá dómstólum, lögmansstofum, fyrirtækjum, gagnvart almenningi og hjá sýslumönnum.

Nú er að sjá hvort dómismálaráðherra bregðist við áskorun félaganna.

VITNASKYLDA VERJENDA



ARNAR VILHJÁLMMUR ARNARSSON LÖGMAÐUR

Það er meginregla í íslensku sakamálaréttarfarir að hverjum manni sem orðinn er 15 ára, lýtur íslenskri lögsögu og er ekki ákærði eða fyrirvarsaður hans, er skylt að koma fyrir dóm og svara þar spurningum sem beint er til hans um málsatvik, sbr. 1. mgr. 116. gr. 1. nr. 88/2008 um meðferð sakamála (hér eftir „sml.“). Gildir sú vitnaskylda um lögmann jafnt sem aðra borgara. Við vitnaskyldu er þó að finna lögákveðnar takmarkanir, meðal annars þegar viðkemur lögönnum sem hafa fagleg tengsl við sakborning í sakamáli. Þannig er verjanda óheimilt að bera vitni í máli skjólstæðings síns án hans leyfis, skv. 3. mgr. 117. gr. sml. og lögmanni er óheimilt án leyfis ákærða að svara spurningum um einkahagi skjólstæðings sem honum hefur verið trúað fyrir í starfi sínu, sbr. b. lið 2. mgr. 119. gr. sömu laga. Breytir engu þar um þótt dómari telji vitnisburð verjanda geta ráðið úrslitum um niðurstöðu máls og að ríkari hagsmunir séu af því að spurningunum verði svarað en trúnaði haldið. Þá er þagnarskylda verjanda enn tíunduð víðar og má þar helst nefna annars vegar 3. mgr. 35. gr. sml. og 6. gr. síðareglna lögmannna þar sem kveðið er á um að upplýsingum sem lögmaður fær í starfi skuli haldið frá óviðkomandi jafnvel þótt lögboðin þagnarskylda banni ekki.

Þagnarskyldan er ein helsta skylda lögmannna og er skilyrði fyrir því að lögmann geti sinnt störfum sínum af kostgæfni, enda væri án hennar grafið verulega undan trúnaðarsambandi lögmannna og skjólstæðinga þeirra. Án skyldunnar raskast starfsskilyrði lögmannna sem og réttur sakbornings til réttlátrar málsmeðferðar þar sem hömlur eru lagðar á rétt aðila til að fella ekki á sig sök og ráðfæra sig við lögmann um réttarstöðu sína.

Krafa um skýrslugjöf lögmanns

Þrátt fyrir framangreint kemur fyrir að handhafi ákærvalds krefjist skýrslugjafar lögmanns sem sinnir, eða fyrirhugað er að sinni, starfi verjanda í sakamáli. Slík rannsóknaraðgerð ákærvaldsins hefur almennt þær afleiðingar í för með sér að lögmaðurinn getur ekki lengur sinnt hlutverki verjanda í málinu, samkvæmt 4. mgr. 33. gr. sml., þar sem segir að ekki megi skipa eða tilnefna þann verjanda sem gegnt hafi starfi matsmanns eða kunni að verða kvaddur til að gefa skýrslu í máli ellegar er að öðru leyti svo viðriðinn máli eða aðila að hætta sé á að hann geti ekki gætt hagsmuna sakbornings sem skyldi.

Það getur því verið afar þungbært fyrir sakborning og lögmann hans ef ákærvaldið krefst skýrslugjafar lögmannsins og gefur til kynna að sá kunni að vera kallaður til sem vitni í væntanlegu sakamáli. Fyrir sakborning getur skýrslugjöf lögmanns haft miklar afleiðingar fyrir varnir hans. Bent hefur verið á að sakborningur kann að hafa ákveðið með verjanda sínum hvernig málsvörn yrði stillt fram í málinu, sem annar verjandi gæti síðan verið algjörlega ósammála. Einnig getur það valdið sakborningi andlegri vanlíðan að svipta hann trúnaðarsambandi sem hann áleit tryggt. Þá er það til þess fallið að auka þann kvíða sem fylgir því að hafa stöðu sakbornings í sakamáli að sakborningur þurfi við þessar aðstæður að óttast að viðkvæmar upplýsingar sem hann lét fyrri verjanda sínum í té rati til ákærvaldsins. Slíkt ætti þó vitaskuld aldrei að gerast eins og framangreind lagaákvæði eiga að tryggja.

Fyrir lögmanninn getur það síðan haft fjárhagslegar afleiðingar í för með sér, enda þarf hann ekki einungis að verja kostnaði í að verjast bæði kröfum ákærvaldsins

um vitnisburð sinn, eins og honum er almennt skylt að gera samkvæmt 1. mgr. 17. gr. síðareglna lögmannna og að verja tíma í skýrslutökuna sjálfa, heldur kann hann jafnframt að missa skjólstæðing sinn og að þurfa að bíða eftir að geta fengið greitt fyrir þá fyrirhöfn og atvinnumissi sem hann verður af því að þurfa sinna vitnaskyldu í málinu. Um það síðastnefnda gæti síðar reynt á hvort og að hversu miklu leyti lögmaðurinn ætti rétt á að fá bættan atvinnumissi sinn úr hendi ákæranda eftir aðstæðum og efnahag viðkomandi hverju sinni skv. 2. mgr. 125. gr. sml.

Sé fallist á kröfu ákærvalds um að verjandi gefi skýrslu og beri eftir atvikum vitni í máli skjólstæðings síns og verjandinn neyðist því til að segja sig frá störfum sínum, helst þagnarskylda hans um það sem honum var tjáð undir trúnaði eftir að störfum hans lýkur sbr. 230. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Sú þagnarskylda tekur þannig áfram til upplýsinga sem sakborningur hefur sjálfur gefið um afstöðu sína til afbrots og til annarra upplýsinga sem lögmaður komst að í starfi sínu sem verjandi og eru ekki á almennings vitorði.

Við hvaða tilefni er rétt að verjandi gefi skýrslu?

Í dómaframkvæmd má finna nokkur mál þar sem reynt hefur á hvort verjanda verði gert að bera vitni í máli skjólstæðings. Í dæmaskyni má líta til tveggja dóma til að varpa ljósi á það við hvaða tilefni fallist hefur verið á kröfu um skýrslugjöf verjanda. Í fyrsta lagi er það dómur Hæstaréttar í máli nr. 3/2000. Þar hafði lögmaður sinnt verjendastörfum fyrir sakborning á rannsóknarstigi en verið hættur störfum sem sjálfstætt starfandi lögmaður þegar málið rataði síðar til dómstóla. Fyrir dómi bar sakborningur við að hann hefði vegna orða fyrri verjanda síns játað tilteknum sakargiftum í skýrslu hjá lögreglu í þeirri trú að það myndi leiða til þess að brotþoli fengi fjárgreiðslu. Taldi ákærvaldið nauðsynlegt að fá vitnisburð fyrri verjanda sakbornings þar um og féllst héraðsdómur og síðar Hæstiréttur á þá kröfu ákærvaldsins, þvert gegn andmælum sakbornings og fyrri verjandans sjálfs. Í forsendum Hæstaréttar í málinu var tekið fram að ekki lægi fyrir nákvæmlega hvers efnis þær spurningar væru sem ákærvaldið hygðist leggja fyrir lögmanninn og að á því stigi væri því óljóst hvort þær allar eða einhverjar féllu undir þagnarskyldu hans.

Í öðru lagi má benda á úrskurð Landsréttar í máli nr. 44/2019. Í því máli krafðist ákærvaldið vitnisburðar starfandi verjanda sakbornings í tengslum við rannsókn á máli sakborningsins. Hafði verjandanum áskotnast vinnuskjal lögreglu sem ákærvaldið kvað einungis hafa átt að vera aðgengilegt yfirstjórnendum innan tiltekinna

embætta, en í því kom fram nafn skjólstæðings verjandans. Horfði Landsréttur til þess að fyrir lægju hvers efnis spurningar ákærvaldsins væru sem rétturinn taldi ekki falla undir þagnarskyldu verjandans. Að því virtu var fallist á kröfu ákærvaldsins, en sérstaklega tilgreint að kæmi til þess við framkvæmd skýrslutöku verjandans að óskað yrði eftir svörum um önnur atriði en beiðni ákærvaldsins vörðuðu, bæri dómara að gæta að öllum þagnarskylduákvæðum um verjendur svo verjandanum yrði ekki gert að greina frá atriðum sem gætu spillt fyrir vörn skjólstæðings hans.

Málin bera með sér að þar sé ekki verið að reyna afla vitnisburðar verjanda um afstöðu sakbornings til sakargifta eða lýsinga hans á málsatvikum að öðru leyti. Má því færa rök fyrir því að þagnarskyldu verjanda, eins og hún er lögfest, hafi verið virt að þessu leyti til í þeim báðum. Málin sýna að þegar um er að ræða fyrri verjanda eru litlar skorður reistar fyrir skýrslugjöf hans en að öðru máli kunni að gegna þegar krafist er skýrslu af starfandi verjanda.

Þau sjónarmið sem Landsréttur horfir til í síðarnefndu máli þykja málefnaleg í ljósi þess hve mikilvægt er að sjálfstæði lögmannna sé virt, enda er það lykilmáttur í að tryggja rétt sakborninga til réttlátrar málsmeðferðar, sem tryggður er með Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og Mannréttindasáttmála Evrópu. Rannsakendum ber að gæta meðalhófs við rannsókn sakamála skv. 3. mgr. 53. gr. sml. sem kveður á um að mönnum verði ekki gert meira tjón, óhagræði eða miski en óhjákvæmilegt er eftir aðstæðum hverju sinni. Gildir það ekki einungis gagnvart sakborningi sem sætir rannsókn heldur einnig gagnvart öðrum aðilum sem tiltekin rannsóknaraðgerð kann að beinast gegn í þágu rannsóknar. Ætti ákærvaldið því einungis að grípa til rannsóknarúrræðis þegar nauðsyn krefur og þegar ástæða er til að ætla að það geti borið árangur.

Fari ákærvaldshafi fram á skýrslugjöf starfandi verjanda fellur það síðan í hlutkesti dómstóla að veita ákærvaldinu aðhald sem tryggir að ef vafi er um gagnsemi rannsóknaraðgerðarinnar, ætti það að vera ákærvaldsins að sýna fram á þörf hennar og að með henni sé leitast við svörum um atriði sem falla utan þagnarskyldu verjandans. Sé enginn sjáanlegur ávinningur af skýrslutöku verjandans bæri fremur að hafna kröfunni í samræmi við meginreglur sakamálaréttarfars um að valda aðilum ekki óþarfa óhagræði umfram það sem aðstæður krefja og að túlka vafa sakborningi í hag, enda á sakborningur af því alla hagsmuni að vera ekki sviptur verjanda sínum að óþörfu.

Námskeið Lögmannafélags Íslands

ÞINGLÝSING HEIMILDARSKJALA UM FASTEIGNIR OG FASTEIGNARÉTTINDI – 29. APRÍL 2021

Eins og flestir þekkja þarf að þinglýsa réttindum yfir fasteignum til að þau haldi gildi gegn þeim er reisa rétt á samningum um eignina, og gegn skuldheimtumönnum eiganda eða annars rétthafa að eign. Á námskeiðinu verður farið hratt yfir grunnatriði þinglýsingalaga nr. 39/1978, en sjónum beint að álitaeftum sem reynt hefur á í dómaframkvæmd, með sérstakri áherslu á hagnýtt gildi laganna fyrir lögmenn. Þannig verður m.a. fjallað um í hvaða tilvikum þinglýsingar hafa tímabundið gildi og hver skilyrði eru fyrir aflýsingu skjala. Einnig verður vikið að leiðréttingu á röngum færslum skv. 27. gr. þinglýsingalaga og skilyrði fyrir beitingu 18. gr. laganna. Þá verður farið yfir mismunandi tegundir málsókna vegna þinglýsinga og hvenær rétt er að höfða hefðbundið einkamál og hvenær rétt er að um ágreininginn fari eftir 3. gr. þinglýsingalaga. Loks verður fjallað um samspil þinglýsingalaga annars vegar og reglna um skiptingu og stofnun fasteigna hins vegar.

Umsjón Karl Axelsson hæstaréttardómari og dósent og Víðir Smári Petersen lögmaður og lektor.

Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

Tími Alls 3 klst. Fimmtudagur 29. apríl kl. 14:00-17:00

Verð kr. 33.000,-

(kr. 3.300 í afslátt fyrir félagi í LMFÍ og LÍ og kr. 9.000,- í afslátt fyrir aðild að félagsdeild LMFÍ.)

EIGNANÁM FRÁ A TIL Ö – 5. OG 6. MAÍ 2021

Það er kunnara en frá þurfi að segja að eignarrétturinn er meðal þýðingarmestu réttinda sem varin eru af stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu. Þó svo að eignarnám sé ekki nefnt á nafn í stjórnarskránni er ekki um það ágreiningur að með 2. og 3. málslíð 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár er eignaskerðingum af þeim toga settar skorður og á þeim grundvelli er öll réttarframkvæmd um eignarnám reist.

Á vormánuðum kemur út ritið Eignarnám eftir þau Karl Axelsson hæstaréttardómara og dósent og Ásgerði Ragnarsdóttur héraðsdómara sem er afrakstur áralangra rannsókna þeirra á eignarnámsframkvæmd til ársloka 2020.

Á námskeiðinu verður farið yfir eignarnámsframkvæmd í þrengri merkingu eða þegar maður eða lögaðili er sviptur eignarréttindum sínum á grundvelli sérstakrar lagaheimildar þar að lútandi í þágu almannahagsmuna og gegn greiðslu bóta. Fjallað verður ítarlega um ferlið allt frá fyrsta undirbúningi þeirrar framkvæmdar, sem eignarnámið kann síðar að helgast af, til og með umráðatöku eignaruminnar eignar í lok ferilsins. Verða þá þrjár þættir í forgrunni. Í fyrsta lagi eignarnámsákvörðunin sjálf. Í öðru lagi aðdragandi og umgjörð eignarnáms frá hugmynd til veruleika og í þriðja lagi verður fjallað um fjárhæð eignarnámsbóta og ákvörðun þeirra.

Leitast verður við að greina efnið með praktískum hætti, bæði frá sjónarhóli eignarnema og eignarnámsþola, þannig að það geti nýst lögmönnum í störfum þeirra.

Kennarar Karl Axelsson hæstaréttardómari og Ásgerður Ragnarsdóttir héraðsdómari.

Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.

Tími Alls 8 klst. (2x4). Miðvikudagur 5. maí kl. 13.00-17.00 og fimmtudagur 6. maí kl. 13.00-17.00.

Verð kr. 66.000,-

(kr. 6.600 í afslátt fyrir félagi í LMFÍ og LÍ og kr. 19.800,- í afslátt fyrir aðild að félagsdeild LMFÍ.)

Skráning á heimasíðu LMFÍ

Síðasta vetur settust félagar í öldungadeild Lögfræðingafélags Íslands niður í betri stofunni í Gunnarshúsi á Dyngjuvegi 8 Reykjavík og sögðu sögur af lögfræðingum. Í síðustu tveimur blöðum voru sögur af Jóni E. Ragnarssyni og dr. Gunnlaugi Þórðarsyni en nú er komið að hinum þriðja.

SÖGUR AF SIGURÐI ÓLASYNI HRL.



Páll S. Pálsson og Sigurður Ólason í sumarbústað LMFÍ í Brekkuskógi.

Skammast í borgarlögmanni

Sigurður Ólason var einn af snillingum síns tíma. Eitt sinn var hann með mál gegn Reykjavíkurborg fyrir mann í bænum en Magnús Óskarsson var borgarlögmaður og þeir góðir vinir. Vegna vináttunnar hafði Magnús horft dálítið í gegnum fingur sér að Sigurður hafði ekki gengið greitt í því að reka málið áfram.

Einhvern tímann sat Magnús á skrifstofu sinni niður við Austurvöll þegar síminn hringdi og á línunni var Sigurður alveg brjálaður. Hann spurði hvern djöfulinn það ætti að þýða að draga lappirnar í þessu máli svo lengi og það væri ekki sæmandi opinberum aðila. Magnús væri búinn að fá

frest eftir frest og Sigurður væri orðinn þreyttur á þessu. Svo skellti Sigurður á.

Magnús sat sem lamaður á eftir og vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið. Fimm mínútum seinna þá hringir síminn aftur og það var Sigurður aftur en nú mjúkur í máli:

„Æ fyrirgefðu þetta, Magnús minn, hann var nefnilega hjá mér maðurinn!“

Strítt á kvensemi

Sigurður Ólason og Páll S. Pálsson voru miklir félagar og stríddu gjarnan hvorum öðrum á kvensemi. Á tímum Watergate hneykslisins í Ameríku orti Páll þessa vísu um Sigga:

*Hann var alinn upp í sveit
efnilegur þótti.*

*Í veika kynsins Watergate
viðfangsefnin sótti.*

Sigurður svaraði Páli, sem var frá Sauðanesi í Austur Húnavatnssýslu, svona:

*Sauðneskt fratskáld semur nið
sínu tapar, rykti.*

*Hann var natinn alla tíð
í Afmorsgatafíkti.*

Lömun í lögmannuferð

Páll S. Pálsson og Sigurður Ólafsson fóru mikið saman um landið vegna landamerkjamála. Eitt sinn höfðu þeir verið í erfiðu máli í Þingeyjarsýslu og voru komnir til Akureyrar.

Þar fóru þeir á KEA og þegar þeir settust að snæðingi spurði Páll Sigurð hvort hann vildi ekki rauðvín.

„Nei Páll minn, í kvöld ætla ég að sjá áhrifin,“ svaraði Sigurður.

Í þessari sögulegu ferð skemmti Páll sér ágætlega en þegar þeir lögðu af stað með flugi aftur til Reykjavíkur daginn eftir þá varð Páll fyrir miklu heilsuáfalli. Hann lamaðist og gaf flugfreyjunni merki sem kemur til hans.

„Ég er lamaður!“

„Jæja góði“ sagði hún og losaði öryggisbeltið.

Haltur lögmaður á inniskóm

Eitt sinn kom Sigurður Ólason haltrandi niður Bankastrætið. Kristján Stefánsson sá til hans og spurði hvort hann væri meiddur?

„Nei, þegar ég var kominn niður götuna þá sá ég að ég var í inniskónum svo ég gerði mér upp helti.“

Talað hátt í Hæstarétti

Á efri árum missti Sigurður Ólason dálítið heyrn og var viðkvæmur fyrir því. Eitt sinn sagði hann við andmælanda sinn í Hæstarétti:

„Heyrðu, gættu þín á því að þegar við flytjum málið á eftir að Ármann Snævarr er farinn að missa heyrn, þannig að þú verður að tala dálítið hátt.“

Hinn stóð uppi í pontu og talaði auðvitað mjög hátt svo Sigurður heyrði hvert einasta orð.

Ánægja með ræðu

Á árum áður var Hjörtur Torfason að flytja mál um veiðirétt sem snerist mikið um gerðardóm sem Gizur Bergsteinsson og fleiri höfðu kveðið 30 árum fyrr. Gizur mætti í réttarsalinn til að hlusta á málflytning og þar sem hann var byrjaður að missa heyrn gerði Hjörtur sér far um að tala hátt. Sigurður Ólason var einn af málflytjendum sagði við Hjört í hléinu:

„Mikið var ég ánægður með ræðuna þína, Hjörtur minn, ég heyrði hvert einasta orð.“

Að falla á tíma

Einhvern tímamót þegar Sigurður Ólason var að falla á tíma við að skila greinargerð í héraði þá skilaði hann blaðsíðu eitt og blaðsíðu sex. Þremur til fjórum mánuðum seinna tók dómariinn málið fyrir og sá að það vantaði í greinargerðina. Þá kom Sigurður með það sem uppá vantaði.

Þyrlla upp úr botninum

Sigurður Ólason fór gjarnan út og suður í málatilbúnaði sínum fyrir dómstólum í þeirri vissu að það væri aldrei að vita hvaða flugu dómariinn tæki.

„Í stað þess að henda út einni og einni flugu þá er nær að þyrlla upp úr öllu fluguboxinu“, sagði hann.



Sigurður Ólason fór ásamt félögum sínum í sumarbústað Lögmannafélagsins í Brekkuskógi á ofanverðri 20. öld, sennilega til vorhreingerningar. Hann tók þá þessa mynd af félögum sínum. F.v.: Sigurður Georgsson, Páll Arnór Pálsson, Páll S. Pálsson, Ingi R. Helgason, Ágúst Fjeldsted, Guðjón Steingrímsson, Stefán Pálsson, Hákon Árnason, Hilmar Ingimundarson, Gylfi Thorlacius og Kristján Stefánsson.

NÝR VINNUSTADUR

Sigurður Logi Jóhannsson,
Solído lögmannsstofa, Garðastræti 36, 101 Reykjavík, sími: 848-4488

Jón Magnússon,
Vivos lögmann, Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, sími: 419-4545

Magnús Jónsson,
Vivos lögmann, Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, sími: 419-4545

Heimir Fannar Hallgrímsson,
Lind fasteignasala, Bæjarlind 4, 201 Kópavogi, sími: 849-0672

Þórhallur Haukur Þorvaldsson,
DRAUPNIR lögmannsþjónusta ehf., Borgartúni 28, 105 Reykjavík, sími: 4150150

Kári Hrafn Kjartansson,
KK Legal, Kópavogsbraut 106, 200 Kópavogi, sími: 825-6744

Jóna Margrét Harðardóttir,
Miklaborg, Lágmúla 4, 108 Reykjavík, sími: 844-5902

Ásta Guðrún Beck,
Þjóðkirkjan – Biskupsstofa, Katrínartúni 4, 105 Reykjavík, sími: 580-4000

Ingvar Ásmundsson,
Juris slf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík, sími: 580-4400

Rútur Örn Birgisson,
Dalsfoss legal ehf., Naustavör 30, 200 Kópavogi, sími: 869-1031

Helgi Pétur Magnússon,
Almennt lífeyrissjóðurinn, Borgartúni 25, 105 Reykjavík, sími: 510-2515

Davíð Þorláksson,
Betri samgöngur ehf., Arnarhvoli við Lindargötu, 101 Reykjavík

Sigþór H. Guðmundsson,
Strindberg lögfræðisþjónusta, Bjargargötu 1, 102 Reykjavík, sími: 666-0400

Ingi B. Poulsen,
Poulsen lögmannsstofa ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík, sími: 6998780

Floki Hrafn Sigurðsson,
Borgarbyggð, Borgarbraut 14, 310 Borgarnesi, sími: 433-7100

Sigurður Rúnar Birgisson,
Arta lögmann ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík, sími: 556-2800

Óskar Norðmann,
Arta lögmann ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík, sími: 556-2800

Kristinn Hallgrímsson,
Arta lögmann ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík, sími: 556-2800

Snorri Stefánsson,
Arta lögmann ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík, sími: 556-2800

Hulda Katrín Stefánsdóttir,
Arta lögmann ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík, sími: 556-2800

NÝTT HEIMILISFANG

Adolf Guðmundsson,
Lögfræðistofa Adolfs Guðmundssonar, Hafnargötu 28, 710 Seyðisfirði, sími: 472-1402

Steinunn Guðbjartsdóttir,
Borgarlögmann – Holm & Partners, Síðumúla 25, 108 Reykjavík, sími: 520-4100

Páll Eiríksson,
Borgarlögmann – Holm & Partners, síðumúla 25, 108 Reykjavík, sími: 520-4100

Anna Rós Sigmundsdóttir,
Kennarasamband Íslands, Borgartúni 30, 105 Reykjavík, sími: 595-1111

Helga Guðmundsdóttir,
Clifford Chance, Avenue Louise 65, Box 2, 1050 Brussels Belgium, sími: +3225335911

Bogi Guðmundsson,
Atlantik Legal Services, Grandagarðar 16, 101 Reykjavík, sími: 415-4725

Brynjólfur Eyvindsson,
VEKURÐ ehf., Naustavör 28, 200 Kópavogi, sími: 568-1636

Hulda Björg Jónsdóttir,
JSG lögmann, Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík, sími: 530-1234

Konráð Jónsson,
JSG lögmann, Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík, sími: 530-1234

Jón Steinar Gunnlaugsson,
JSG lögmann, Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík, sími: 530-1234

Garðar Briem,
Lögfræðistofa Garðars Briem sf., Skipholti 50b, 105 Reykjavík, sími: 517-3200

Elín Árnadóttir,
Kjarni lögmannsstofa slf., Bjarkarholti 12, 270 Mosfellsbær, sími: 841-2118

Ólafur Karl Eyjólfsson,
ÓK lögmann slf., Stórhöfða 29, 110 Reykjavík, sími: 618-5777

Húnbogi J. Andersen,
H.J. Andersen ehf., Skeifunni 4, 2. hæð, 108 Reykjavík, sími 892-2831

NÝ RÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMSTÓLUM

Vaka Dagsdóttir,
Lögfræðimiðstöðin, Reykjavíkurvegi 62, 220 Hafnarfirði, sími: 8489608

Pálmar Pétursson,
Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, sími: 569-9699

Sigrún Ísleifsdóttir,
Lögmann Jónas og Jónas Þór, Stórhöfða 25, 110 Reykjavík, sími: 844-0884

Jón Fannar Ólafsson,
Geirþrúðarhagi 8b, 600 Akureyri, sími: 8953922

Thelma Christel Kristjánsdóttir,
LEX lögmannsstofa, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, sími: 590-2600

Þorbjörg Ásta Leifsdóttir,
BBA Fjeldco, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, sími: 550-0528

Unnur Brá Konráðsdóttir,
Formaður stýrihóps um framkvæmdir v. Landspítala, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, sími: 8624241

NÝ RÉTTINDI FYRIR LANDSRÉTTI

Gunnhildur Pétursdóttir,
Lausnir lögmannsstofa, Suðurlandsbraut 52, 108 Reykjavík, sími: 563-1804

Jónína Guðmundsdóttir,
Velferð Legal, Austurvegi 6, 800 Selfoss, sími: 899-1777

NÝ RÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

Floki Hrafn Sigurðsson,
Borgarbyggð, Borgarbraut 14, 310 Borgarnesi, sími: 433-7100

ENDURÚTGEFIN RÉTTINDI

Sigurður Árnason,
SSA legal ehf., Furugrund 24, 200 Kópavogi, sími: 823-4000

Fjölur Ólafsson,
LEX lögmannsstofa, Borgartúni 26, 105 Reykjavík, sími: 590-2600

Erla Þuríður Pétursdóttir,
Íslensk erfðagreining, Sturlugötu 8, 102 Reykjavík, sími: 570-2327

Guðbjörg Anna Bergsdóttir,
Löghorn lögmannsstofa Hornafjarðar, 780 Höfn í Hornafirði, sími: 866-8312


Kári Hrafn Kjartansson,
KK lögfræðisþjónusta, Kópavogsbraut 106, 200 Kópavogi, sími: 825-6794

Bjarki Einar Birgisson,
Facebook Ireland Limited, 4 Canal Square, Dublin 2, Ireland, sími: +353866076973

Umhverfislausnir fyrir skrifstofur


Terra Efnaeyðing býður upp á örugga förgun og endurvinnslu spilliefna, endurvinnsluefna og trúnaðarskjala sem til falla á skrifstofum.

Við útvegum ílát og sækjum!



Rafhlöður og smáraftæki

Þarf að setja í poka eða öðru íláti ofan í tunnuna.



Lítill raftæki og málmar

Lítill raftæki og málma má setja í lausu í tunnuna.



Prenthylki

Þarf að setja í umbúðirnar undan nýju hylkjunum áður en þau eru sett í tunnuna.



Skjalaeyðing

Trúnaðarskjölum má safna í sérstök læst ílát. Þeim er síðan eytt samkvæmt vottuðum gæðastaðli. Tættur pappírinn fer að því loknu til endurvinnslu.



Stór raftæki

Við sækjum einnig stór raftæki sem ekki komast í tunnuna.



Raftækjatunna



Skjalaeyðingartunna

